PHILL HUNTER

*Draumurinn að stofna golfskóla á Íslandi*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



EINAR BÁRÐARSON

*Lærlingar úr leik í Idol*

Síðasti nemi Einars hefur lokið keppni.

FÓLK 26









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. mars 2009 — 78. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Mannlífi frestað

Reynir Traustason lofar eldfimu forsíðuefni.

FÓLK 26



### Fyrsti íslenski dansarinn

Lilja Rúriksdóttir komst á dögunum inn í hinn virta Juilliard-listaháskóla í New York.

TÍMAMÓT 16

### Frumkvæði í samskiptum

Ég hef stundum undrast það hversu marga skortir frumkvæði í samskiptum, skrifar Jónína Michaelsdóttir.

UMRÆÐA 14



### Tækifærið er núna

Pétur Pétursson aðstoðarlandsliðsþjálfari segir Ísland ætla að verja annað sætið í Glasgow.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR** Í dag verða A og NA 8-20 m/s, hvassast síðdegis allra syðst og vestast. Stöku él nyrðra en slydda eða rigning allra syðst. Víða snjókoma eða slydda á suðurhluta landsins seint í dag eða kvöld.

VEÐUR 4

# FME var bundið af of þröngri löggjöf

**Finnskur sérfræðingur segir að bæta þurfi regluverk, eftirlit og opinbera stefnumótun. Viðskiptaráðherra segir FME kunna að halda auknum valdheimildum.**

**EFNAHAGSMÁL** Evrópusambandsaðild og upptaka evru myndi leysa vandann sem fylgir smárri og sveiflukenndri mynt, segir Karlo Jännäri, einn helsti bankasérfræðingur Finna. Hans skoðun sé að Íslandi væri hollast að fara að dæmi Finna í endurreisn. Jännäri kynnti í gær skýrslu um reglur og eftirlit með bankastarfsemi hér.

Jännäri rekur hrun bankakerfisins til þátta sem lýsa mætti sem blöndu af slökum bankarekstri, lélegri stefnu og óheppni. Hann áréttar þó að regluverk hér hafi verið með sama hætti og gerist á Evrópska efnahagssvæðinu og sömu annmörkum háð. Þá hafi hendur Fjármálaeftirlitsins (FME) verið bundnar um of af þröngri löggjöf. Mælist Jännäri til þess að við endurskoðun á lagaumgjörð hér verði haldið í auknar valdheimildir FME úr neyðarlögunum sem samþykkt voru í haust. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir koma til greina að gera það.

Jännäri telur hæpið að hér verði byggt upp á ný risastórt bankakerfi. „Það gengi ekki meðan krónan er gjaldmiðill. Og jafnvel gæti það verið örðugt með evrunni, vegna vafamála um hvort Seðlabanki Evrópu sé í raun lánveitandi til þrautavara fyrir aðildarríkin.“

Ragnar Hafliðason, starfandi forstjóri FME, telur skýrslu Jännäris gefa nokkuð raunsanna mynd af því hvernig málum hafi verið háttað. „Og þar kemur Fjármálaeftirlitið ekkert illa út, þótt auðvitað sé ýmislegt gagnrýnt,“ segir hann, en telur vandséð hvort eftirlitsstofnanir hefðu getað gengið harðar fram gegn bönkunum og látið þá um að sækja rétt sinn fyrir dómstólum teldu þeir á sér brotið. Jännäri benti á að slíkt kynni að hafa verið gert annars staðar. „En hér er nú ekki hefð fyrir slíku,“ segir Ragnar. - óká / sjá síður 12 og 13



**BOTNINN SLEGINN ÚR NATO** Birna Þórðardóttir var vígaleg á fundi Samtaka hernaðarandstæðinga á Austurvelli í gær, þegar hún bjó sig undir að slá botninn úr Natótunnunni. Þar var þess minnst að sextíu ár eru liðin frá því að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Friðarsinnar vilja að Ísland gangi úr því aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Niðurskurður hjá RÚV:

## Söngkeppni framhaldsskólanna fórnað

**FÓLK** Engin bein útsending verður frá söngkeppni framhaldsskólanna eins og undanfarin ár. Að sögn Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra RÚV, er þetta einfaldlega hluti af þeim niðurskurði sem grípa þurfti til. Hugmyndir eru uppi um að RÚV taki upp eitthvað efni á keppninni en engin ákvörðun hefur verið tekin um það. Ómar Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra framhaldsskólanema, segir miður að RÚV skuli ekki sýna frá keppninni beint. „Að sjálfsögðu, söngkeppnin nýtur ekkert minni hylli en Gettu betur og þetta hefur verið vinsælt sjónvarpsefni undanfarin ár.“ - fgg/sjá síðu 26



ÞÓRHALLUR GUNNARSSON

Um þrjátíu hús rýmd í gær:

## Fólki gert að flýja heimili sín

**VEÐUR Nokkrir íbúar á Ólafsfirði og Siglufirði þurftu að yfirgefa heimili sín í gærkvöldi, eftir að Veðurstofan og lögregla lýstu yfir að hætta væri á snjóflóðum í bæjunum. Á Siglufirði voru þrjátíu hús rýmd og eitt dvalarheimili á Ólafsfirði.**



ÞÓRIR KRISTINN ÞÓRISSON

**Þórir Kristinn Þórisson bæjarstjóri Fjallabyggðar kvaðst í gær telja að sitt fólk væri flestu vant í þessum efnum og tæki þessu með ró. „En það hefur verið stöðug ofankoma í dag og mikill skafrenningur og safnast í skafla,“ sagði hann um veðrið. Séð yrði til með skólahald á morgun.** - kóþ

Ekki var farið eftir tillögum um umbætur frá nefnd um skattsvik 2004:

## Milljarðatugir hafa tapast

**SKATTAMÁL** Tekjutap hins opinbera vegna skattsvika árið 2008 var á bilinu 44 til 60 milljarðar, ef ástand mála árið 2004 er heimfært upp á síðasta ár. Þá kom fram, í skýrslu nefndar um skattsvik, að ríki og sveitarfélög yrðu árlega af um 8,5 til 11,5 prósentum af skatttekjum sínum vegna undanskota frá skatti.

Indriði H. Þorláksson, einn nefndarmanna, segir að eftirfylgni með skýrslunni hafi verið lítil. Í henni var sérstaklega kveðið á um að bregðast þyrfti við undanskotum til skattaskjóla erlendis. Breyta þyrfti lögum til að „koma í veg fyrir að skattalög verði sniðgengin með því að íslenskir skattaðilar nýti sér skattaparadísir og ýmiss konar lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem sæta eiga skattlagningu hér á landi“.

„Hefðu menn farið eftir tillögunum værum við að horfast í augu við mun betri stöðu skattayfirvalda til að kanna málin og aðgangur að upplýsingum væri mun betri,“ segir Indriði. - kóp / Sjá síðu 6










SPURNING DAGSINS



*Kristján Þór, ert þú eins og egg – mjög spældur?*

„Ég er eins og blómi í eggi.“

„Ég er eins og skyr, ég er mjög hrærður,“ sagði Bjarni Benediktsson eftir að hann hafði verið kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundinum um helgina. Kristján Þór Júlíusson varð næstur á eftir Bjarna í kjörinu.

# Breyting á dreifingu Fréttablaðsins

**ÚTGÁFA** Frá og með 1. apríl nk. verða gerðar breytingar á dreifingu Fréttablaðsins. Með breytingunum er fest í sessi dreifing blaðsins til yfir 90 prósenta þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu og helstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Til þessa hefur dreifing blaðsins verið tryggð til 93 prósenta þjóðarinnar. Fréttablaðið verður borið út til 80 þúsund heimila sem nemur 75 prósentum allra heimila. Að auki verður blaðið aðgengilegt í Fréttablaðsskössum, sem finna má í hverfum valinna þéttbýlisstaða eða á völdum dreifingar-stöðum.

Við val á dreifingarstöðum var horft til dreifingarkostnaðar og lestrarmælinga. Á suðvesturhorninu, frá Borganesi til og með Selfossi, verða minniháttar breytingar, sú helsta sú að dreifingu í hús verður hætt á Kjalarnesi og Álftanesi en íbúum þar verður í staðinn boðin uppsetning Fréttablaðskassa. Dreifingu verður hætt á Snæfellsnesi og Vestfjörðum, sem og afskekktari byggðalögum landsins. Blaðinu verður áfram dreift til heimila á Akureyri auk þess sem dreifing helst óbreytt á Sauðárkróki, Blönduósi og öðrum þéttbýlisstöðum á leiðinni frá Borgarnesi til Akureyrar að Dalvík og Húsavík viðbættum. Á Austurlandi verður blaðinu áfram dreift á Seyðisfirði, í Neskaupstað, á Eskifirði, Reyðarfirði og Egilsstöðum. Dreifing á Suðurlandi verður til og með Hvolsvelli, að Vestmannaeyjum meðtöldum, en hætt verður dreifingu á Suðausturlandi.

**Á NETINU EÐA Í PÓSTI**

Fréttablaðið er aðgengilegt á visir.is í rafrænu formi. Einnig er hægt að skrá sig á póstlista á visir.is og fá senda með tölvupósti slóð á blað dagsins. Þá er hægt að panta áskrift að blaðinu á visir.is eða í síma 512 5100. Verð áskriftar er kr. 2.960 og er blaðið borið út í hefðbundnum bréfapósti.

Þessa óhjákvæmilegu takmörkun á dreifingu má rekja til aukins útgáfukostnaðar Fréttablaðsins, eins og annarra dagblaða, á síðustu misserum á sama tíma og samdráttur hefur verið á auglýsingamarkaði. Gripið hefur verið til víðtækra ráðstafana á síðustu mánuðum til að stemma stigu við þessari þróun. Markmiðið með þeim er framar öðru að tryggja til frambúðar að Fréttablaðið verði öflugasta dagblað landsins. Í dag lesa 64 prósent landsmanna á aldrinum 12 til 80 ára blaðið daglega, sem er um 50 prósenta meiri lestur en á Morgunblaðinu, sem jafngildir 49 þúsundum fleiri lesendum daglega. Sé litið til helsta viðmiðunarhóps auglýsenda í aldurshópnum 18 til 49 ára eru yfirburðir Fréttablaðsins enn meiri eða 98 prósent. Í haust hófst uppsetning Fréttablaðskassa úti á landi. Sú nýbreytni hefur mælst vel fyrir. Rætt verður við fleiri sveitarstjórnir um uppsetningu Fréttablaðskassa.

Lögum breytt á Alþingi:

## Greiðsluaðlögun samþykkt

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti í gær frumvarp dómsmálaráðherra um greiðsluaðlögun vegna efnahagsástandsins. Nú verður hægt að gera breytingar á kröfum í eigu Íbúðalánasjóðs eða fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði hérlendis sem ætlað er til eigin nota.

Meðal breytinga sem gera má er fjölgun gjalddaga, greiðslufrestur um tiltekinn tíma, nýr lánstími og skuldbreyting vanskila. Sá hluti skulda sem fellur utan andvirðis eignar telst til samningskrafna. Úrræðið ber nú heitið greiðsluaðlögun í stað skuldaaðlögunar. **- kóp**



**FLUGFERÐ** Hægt er að sjá nákvæmar upplýsingar um staðsetningu, flughæð og hraða á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fylgst með svönum á netinu:

## 50 svanir á leið til landsins

**BRETLAND Svanurinn Rocky hvíldi sig í gærkvöldi um 30 kílómetra vestur af Glasgow í Skotlandi fyrir fyrirhugaða flugferð til Íslands. Fylgst verður með ferðum Rocky og 49 annarra svana, sem vonir standa til að muni fljúga til Íslands í sumar, með hjálp GPS-tækja á bökum þeirra.**

**Sagt er frá svönunum á vef BBC. Þar kemur fram að bresk fuglaverndarsamtök standi fyrir rannsókninni. Ætlunin er að læra meira um ferðir fuglanna.**

**Á heimasíðu verkefnisins (whooper.wwt.org.uk/whooper) má skoða upplýsingar um hvern svan fyrir sig. - bj**

# AGS tortryggir lausn á jöklabréfavanda

**Ekki liggur fyrir hversu háar upphæðir liggja í jöklabréfum og öðrum innistæðum erlendra aðila hér á landi. Eigendur mögulega erlendir á pappír en íslenskir í raun segir viðskiptaráðherra. AGS tortryggir skipti á eignum lífeyrissjóða.**

**EFNAHAGSMÁL** Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) telja að verði erlendum eigendum jöklabréfa og hliðstæðra eigna á Íslandi boðin skipti á til dæmis erlendum eignum lífeyrissjóða gæti það talist brot á yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til sjóðsins.

Þetta er önnur þeirra leiða sem nefndar hafa verið til að losa um eignir erlendra aðila hér á landi til að hægt verði að aflétta gjaldeyrishöftum án þess að gengi krónunnar hrynji, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Fulltrúar AGS hafa verið afar tortryggnir á þá leið og telja að með þessu væri verið að taka upp tvöfalt gengi á íslensku krónunni. Í yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til sjóðsins frá 15. nóvember 2008 er því lýst yfir að ekki verði tekið upp tvöfalt gengi.

Hin leiðin sem nefnd hefur verið er að bjóða upp á skuldabréf sem hægt verði að skipta í evrur á gjalddaga. Hvorugri leiðinni hefur verið hrint í framkvæmd.

Jóhanna S. Bjarnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði viðskiptaráðherra um stöðu jöklabréfa í gær. Spurði hún bæði um þær upphæðir sem væri um að tefla, og hvað væri verið að gera til að koma í veg fyrir gjaldeyrisflótta þegar gjaldeyrishöftunum verður aflétt.

„Því miður liggur ekki fyrir hver upphæðin í raun og veru er, enda er í raun og veru stundum dálítið erfitt að greina á milli erlendra og innlendra aðila, því að sumir þeirra sem eru á pappírnum erlendir, eru nú kannski grunsamlega íslenskir þegar nánar er að gáð,“ sagði Gylfi á Alþingi.



**ÍSLENSKIR VIRÐAST ERLENDIR** Sumir þeirra sem taldir eru til erlendra eigenda krónubréfa eða annarra innistæðna hér á landi gætu í raun verið íslenskir viðskiptamenn í gegnum erlend félög, sagði Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í samtali við Fréttablaðið segist hann hafa verið að vísa í eigur erlendra eignarhaldsfélaga í eigu íslenskra aðila. Sennilegast sé þó að meirihluti eignanna sé í raun í eigu erlendra aðila. Það skipti þó ekki höfuðmáli, þar sem líklegt sé að bæði íslenskir og erlendir fjármagnseigendur vilji koma fé sínu úr krónum í evrur.

Gylfi segir einu leiðina til að átta sig almennilega á umfanginu að bjóða þessum fjármagnseigendum leið út úr þröngri stöðu og sjá hver áhuginn verði.

Svein Harald Øygard seðlabankastjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið nýverið að ekki gengi að afnema gjaldeyrishöftin þegar vaxtalækkunarferli Seðlabankans sé komið af stað.

Gylfi segir æskilegt að hægt verði að afnema gjaldeyrishöftin sem fyrst, en vill ekki leggja mat á hvort áherslur Seðlabankans séu heppilegar. **brjann@frettabladid.is**

Steingrímur J. Sigfússon:

## Gjaldeyrishöftin halda ekki

**ALÞINGI** Leki virðist vera á gjaldeyrisskilareglum Seðlabankans. Ekki er öllum þeim gjaldeyri skilað sem skila ber til bankans samkvæmt reglum hans sem settar voru á grundvelli laganna um gjaldeyrishöft.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra greindi frá þessu á Alþingi í gær þegar hann útskýrði gengislækkun krónunnar upp á síðkastið. Meginástæðan væri þó miklar vaxtagreiðslur úr landi undanfarnar vikur. Ekki komi til slíkra greiðslna aftur fyrr en í sumar. **- bþs**

Björgun á Oddskarði:

## Kona í barnsnauð á fjöllum

**BJÖRGUNARSVEITIR** „Þetta var ævintýri. Ég held að móðirin hafi verið mjög fegin að komast í hús,“ segir Ingvar Árnason, meðlimur í björgunarsveitinni Gerpi frá Neskaupstað.

Starfsmenn sveitarinnar og Brimrúnar frá Eskifirði voru kallaðir út um klukkan hálf fimm í fyrrinótt vegna konu sem sat föst í bíl í Oddskarði, Eskifjarðarmegin. Konan var á leið á sjúkrahús til að fæða barn.

Veður var afleitt á svæðinu, vindhraði um 48 metrar á sekúndu og aðstæður erfiðar. Kallaðir voru út þrír björgunarbílar, snjóplógur og snjótroðari. Eftir nokkurt basl var konunni komið á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, þar sem hún fæddi litla stúlku klukkan 8.15 í gærmorgun. Mæðgunum heilsast vel. **- kg**






MP Banki kaupir SPRON og Netbankann og ræður í það minnsta 45 starfsmenn:

## Bjóða viðskiptavini SPRON velkomna

**VIÐSKIPTI** MP Banki samdi í gær um kaup á útibúaneti SPRON og Netbankanum af skilanefnd SPRON. Forstjóri bankans segir að fyrrum viðskiptavinir SPRON sem hafi verið fluttir nauðungarflutningum í Kaupþing séu boðnir velkomnir til baka.

Fjármálaeftirlitið tók yfir rekstur SPRON 21. mars síðastliðinn, og skipaði í kjölfarið skilanefnd yfir sjóðinn. Salan er gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

„Ég tel fullljóst að við fáum samþykki fyrir kaupunum,“ segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Banka. Vonir standi til þess að höfuðstöðvar SPRON á Skólavörðustíg og útibú í Borgartúni og á Seltjarnarnesi geti tekið við viðskiptavinum að nýju næstkomandi mánudag. Stefnt er að því að reka Netbankann með óbreyttu sniði.

MP Banki, sem áður hét MP Fjárfestingabanki, hefur í nokkurn tíma haft hug á því að hefja almenna viðskiptabankastarfsemi. Kaup bankans á SPRON falla vel að þeim áformum, segir Styrmir.

Verðmæti samningsins eru tæpar 800 milljónir króna. Inni í þeirri upphæð er bæði greiðsla til skilanefndar SPRON og yfirtaka á skuldbindingum. MP Banki skuldbindur sig meðal annars til að ráða í það minnsta 45 starfsmenn SPRON aftur til starfa. **- bj**



**SKILYRÐI** Samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins þarf til að kaup MP Banka á SPRON og Netbankanum gangi eftir. Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Banka, vonast til að það fáist fljótlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fermingargjöfin
# fæst hjá okkur

## iPod shuffle
**Sá minnsti frá Apple**
Þyngd 10 gr.
Hæð: 4,52 cm
Breidd: 1,75 cm



## spilarinn sem talar
**4GB / 1000 lög**
Silfur / svartur
**Verð: 16.990**



**MacBook 13.3”**
Intel Core 2 Duo 2.0 GHz
2 GB innra minni
120 GB harður diskur
**Verð: 179.990**



**iPod nano**
**iPod nano**
8GB / 16GB
**Verð frá: 39.990**



**Já, við keyrum líka Windows**
og förum létt með það

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



**iSongBook - Tivoli Audio**
**Verð: 44.990** Til í hvítu & svörtu
FM/AM útvarp með iPod-kví.
Innbyggð vekjaraklukka.
(iPod seldur sér)



**FireAnt hátalarar**
**Verð frá: 34.990**
Alvöru hljómur. Fæst í rauðu, svörtu og hvítu. (iPod seldur sér)



**Golla fartölvutöskur**
**Verð frá: 7.990**
Fallegar töskur fyrir Mac og PC.
Fæst í alls kyns stærðum og gerðum.



**Magneat**
**Verð: 1.590**
Snúruflækjur heyra sögunni til.
Íslensk hönnun. Fæst í alls kyns litum.



**JBL On Stage 200 ID**
**Tilboð: 34.990 / áður 39.990**
Frábær hátalari fyrir iPod og iPhone.
(iPod seldur sér)



**Wacom teikniborð**
**Verð: 39.990**
Wacom Bamboo í A5-stærð.
Photoshop Elements 6 fylgir

**Apple búðin** | www.apple.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**GENGIÐ 30.03.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,13 | 121,71 |
| Sterlingspund | 171,66 | 172,5 |
| Evra | 159,58 | 160,48 |
| Dönsk króna | 21,418 | 21,544 |
| Norsk króna | 17,896 | 18,002 |
| Sænsk króna | 14,625 | 14,711 |
| Japanskt jen | 1,2527 | 1,2601 |
| SDR | 180,46 | 181,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

195,1485

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Strætós um áskorun Stúdentaráðs Háskóla Íslands:

# Óvíst að nemar fái frítt áfram

**SAMGÖNGUR** Óvíst er hvort nemendum á höfuðborgarsvæðinu verði áfram boðið að ferðast með strætó án þess að borga fyrir það, að sögn Jórunnar Frímannsdóttur, formanns Strætós bs.

Stúdentaráð HÍ hvatti í gær sveitarfélög landsins, borgaryfirvöld og stjórn Strætós til að bjóða öllum námsmönnum frítt í strætó, eins og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gera fyrir sína nemendur, fyrir utan Garðabæ. Þetta kostar þau um 31.000 krónur fyrir nemann.

Jórunn minnir á að fjárhagsstaða sveitarfélaga sé gjörbreytt frá því sem áður var. „Og við þurfum að skoða hvort og þá hvernig áframhaldandi niðurgreiðsla verður.“

Strætó muni áfram bjóða upp á námsmannakortin en sveitarfélögin skoði sína þátttöku í verkefninu. Verið sé að ræða hugsanlega kostnaðarþátttöku nemenda.

„Við erum að skoða strætó í heild og hvernig við tryggjum almenningssamgöngur. Við viljum koma í veg fyrir að þjónustan skerðist meira en þegar er orðið,“ segir hún. Þessar samgöngur séu enn mikilvægari í þrengingunum en áður. - kóp



**JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR** Formaður Strætós bs. segir að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu séu að skoða framtíð verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björgvin G. Sigurðsson:

## Segir Davíð og félaga rógbera

**STJÓRNMÁL** „Það er sama hvað þeir sóða miklum óþverra út í þjóðfélagið. Það er sama hvað þeir atyrða, uppnefna og rógbera marga einstaklinga [...] Þeir endurheimta ekki traust þjóðarinnar á ný með þannig vinnubrögðum,“ ritaði Björgvin G. Sigurðsson, fyrrum viðskiptaráðherra, í pistli á Pressunni.is í gær.

Pistill Björgvins er meðal annars svar við ræðu Davíð Oddssonar á landsfundi sjálfstæðismanna. Davíð gagnrýndi Björgvin harkalega í ræðu sinni og sagði að honum hefði ekki verið treyst til að sitja fundi um bankahrunið. - kóp

Æskulýðssamband þjóðkirkju:

## Segir Gunnar hafa brugðist

**SAMFÉLAGSMÁL** Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar harmar að séra Gunnar Björnsson hafi fengið að snúa aftur til starfa sem prestur á Selfossi, en hann þjónaði ekki sem prestur meðan ákæra um kynferðisbrot hans var fyrir dómstólum. Hann var sýknaður.

„Okkur þykir ljóst að séra Gunnar Björnsson hafi brugðist trausti ungmenna og sóknarbarna sinna og sýnt alvarleg afglöp í starfi og teljum að hann eigi ekki að snúa aftur til starfa,“ segir í tilkynningu sambandsins. Ella sé grafið undan uppbyggingu æskulýðsstarfs á Selfossi og vegið að æskulýðsstarfi í kirkjunni allri. - kóp



**UMFLOTIN** Hús í útjaðri bæjarins Fargo umflotin vatni og krapa. Venjulegur farvegur Rauðár er milli trjáraðanna sem liggja í sveig bak við húsin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Mikil flóð á slóðum Vestur-Íslendinga

**Leysingar eftir mikinn snjóavetur, miklar sveiflur í hitastigi og mikil úrkoma hafa valdið gríðarlegum vatnavöxtum í Rauðá í Norður-Dakóta, á slóðum þar sem afkomendur norrænna landnema eru margir. Óttast er að varnargarðar gefi sig.**

**BANDARÍKIN, AP** Gríðarmikið flóð í Rauðá (Red River) vestur í Bandaríkjunum ógnar nú þúsundum heimila í Norður-Dakóta, á slóðum þar sem stór hluti íbúanna er afkomendur norrænna landnema.

Miklar sveiflur í hitastigi síðustu daga, gríðarmikil snjóalög og óvenju mikil úrkoma hafa lagst á eitt um að valda verri flóðum á þessum slóðum en mælst hafa í 112 ár.

Fimmtán hundruð íbúar voru fluttir fyrir helgi úr húsum sínum í Bismarck, höfuðborg Norður-Dakóta, en hafa nú fengið að snúa aftur heim. Öllu ískyggilegra er ástandið í bænum Fargo, þar sem vatnshæðin hefur ekki mælst meiri síðan árið 1897. Hún var rúmlega tólf metrar í gær, en var þá í rénun frá því sem hún mældist mest um helgina.

Óttast var í gær að flóðgarðar sem byggðir voru í hasti úr sandpokum myndu gefa sig á tveimur stöðum, en því var spáð að skylli á í dag. Í suðurhluta ríkisins var búist við allt að 30 sentimetra snjókomu.

Þúsundir þjóðvarðliða frá Norður-Dakóta og nágrannaríkjunum Minnesota og Suður-Dakóta tóku þátt í að styrkja flóðgarða í kring um byggðina þar sem hættan var mest. Þyrlum var beitt til að hífa risasandsekki þangað sem mest þörf þótti á að styrkja varnargarðana.

John Poul Martin, talsmaður veðurstofunnar, sagði hættuna mikla og að íbúar Fargo yrðu að vera undir það búnir að yfirgefa heimili sín.

Í næstu viku á svo að hlýna aftur til muna sem skapar enn meiri hættu á skaðræðis hlákuflóðum. audunn@frettabladid.is

Hópur að baki fimmenninga:

## Hælisleitendur fái lögfræðinga

**HÆLISLEITENDUR „Mýmörg dæmi eru um að [hælisleitendum] sé lesin höfnun á dvalarleyfi um leið og þeir eru teknir höndum og sendir úr landi. Við krefjumst þess að hælisleitendum verði gefinn góður tími til að leita lögfræðiaðstoðar vegna slíkrar synjunar,“ segir í tilkynningu hóps, sem stendur að baki hælisleitendunum fimm, sem átti að senda til Grikklands á föstudag á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.**

**Dómsmálaráðherra kom í veg fyrir að mennirnir yrðu sendir enda sé beðið eftir upplýsingum um aðstæður hælisleitenda í Grikklandi. Flóttamannahjálp SÞ hefur mælst til þess að fólk verði ekki sent þangað.** - kóp

**SKIPULAGSMÁL**

**Enn byggt á Laugarnestanga**

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga vill fá leyfi til að byggja nýtt ríflega 300 fermetra geymslu- og verkstæðishús með torfþaki.

Listnám eftirsótt:

## Tuttugu prósentum fleiri umsóknir í LHÍ

**MENNTUN Alls bárust um 480 gildar umsóknir um nám í myndlistardeild, tónlistardeild og hönnunar- og arkitekúrdeild Listaháskóla Íslands (LHÍ) fyrir næsta skólaár. Það eru um tuttugu prósentum fleiri umsóknir en bárust í þessar deildir á síðasta ári. Umsóknarfrestur rann út 27. mars.**

**Flestar umsóknir bárust um nám í hönnunar- og arkitektúrdeild, eða um 300. Í tilkynningu frá LHÍ kemur fram að einungis sé reiknað með að skólinn geti tekið við um fimmtungi þessa hóps. Umsóknarfrestur í listkennsludeild er til 30. apríl næstkomandi.** - kg

Hægriflokkar sameinaðir:

## Berlusconi vill meiri völd

**ÍTALÍA** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, tjáði fulltrúum á sameiningarflokksþingi hægriflokkanna Forza Italia og Alleanza Nazionale að hann þyrfti að fá frekari valdheimildir í sínar hendur til að geta hrint í framkvæmd þeim umbótum sem þörf væri á.



**SILVIO BERLUSCONI**

Að því er Lundúnablaðið Times greinir frá telja stjórnmálaskýrendur að Berlusconi stefni að því að gera forsetaembættið valdameira en það er nú og bjóða sig síðan fram þegar kjörtímabili hans sem forsætisráðherra lýkur. Hann nefndi þó forsetaembættið ekki á flokksþinginu. Nýi flokkurinn sem út úr því kom ber nafnið Il Popolo della Liberta, Lýður frelsisins. - aa




**Útsala Útsala**

Full búð af nýjum vörum, allt á að seljast, verslunin hættir. Tilvalið tækifæri að eignast flott föt á frábæru verði í kreppunni. 30%, 50% og 70% afsl. í boði.

Buxur, leggings, toppar, kjólar, mussur, peysur og margt fleira í boði. Allt topp vörur. og lygilegt verð.

***Stærðir frá 38 til 50.***

**Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardag**

**Nú bætum við enn meira við útsöluna, og sumarfötin komin fram.**

**Diddy.is**

Faxafeni 14 • s: 588 8400


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HVESSIR SMÁM SAMAN**

Það er rétt að hafa í huga að nú þegar líður á daginn bætir í vind á vestanverðu landinu auk þess sem úrkomsvæði gengur inn á suðurhluta landsins. Afleiðingin er sú að seint í dag og kvöld verður víða snjókoma eða slydda á suðurhluta landsins með skafrenningi, einkum á fjallvegum. Síðan má segja að vorlegt sé í kortunum á morgun.




**Á MORGUN** 10-18 m/s á Vestfjörðum annars mun hægari.

**MIÐVIKUDAGUR** 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 14° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 15° |
| New York | 14° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 5° |
| París | 15° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Chiro heilsurúmin



# Vortilboð - 30% afsláttur







Val um 100% náttúruleg gæðaefni.


Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag.


Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði.


Tvíhert háþróað gormakerfi.

**Sjá nánar á www.betrabak.is**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

**KJÖRKASSINN**



*Ertu ánægð/ánægður með nýjan formann Sjálfstæðisflokksins?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,6% |
| Nei | 55,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú prófað kannabis?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Vígamenn réðust inn í lögregluskóla í Pakistan og drápu fjölda lögreglumanna:

# Átta stunda umsátur í Lahore

**PAKISTAN, AP** Hópur vígamanna réðst í gær með alvæpni inn í þjálfunarbúðir lögregluskóla í Pakistan og gengu þar berserksgang klukkustundum saman. Þeir hentu handsprengjum, tóku gísla og drápu að minnsta kosti átta lögreglumenn og þrjá óbreytta borgara áður en sérsveitarmönnum úr hernum tókst að yfirbuga þá.

Sex vígamenn voru handteknir en átta aðrir voru drepnir í skotbardaganum, sem stóð yfir í átta tíma. Lögregluskólinn er til húsa í útjaðri borgarinnar Lahore í austurhluta landsins.

Talsmenn héraðsyfirvalda sögðu um 90 lögreglumenn hafa særst. Sumir árásarmannanna hefðu klæðst lögreglubúningum.

Hin þaulskipulagða árás og það hvernig henni var fylgt eftir af miklu offorsi eykur enn á áhyggjur af þeirri hættu sem stafar af öfgaöflum í hinu kjarnorkuvígvædda Pakistan. Talsmaður héraðsyfirvalda staðfesti að sex árásarmenn hefðu verið handteknir. Af þeim átta úr þeirra hópi sem dóu hefðu tveir sprengt sig í loft upp. Enginn öfgahópur hafði í gær lýst yfir ábyrgð á árásinni. - aa



**REIÐI** Pakistanskir lögreglumenn taka einn árásarmannanna föstum tökum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Póstmenn um Íslandspóst:

## Gagnrýna ríkið fyrir arðinn

**VINNUMARKAÐUR** **Póstmannafélag Íslands gagnrýnir stjórnvöld fyrir að greiða sér arð af starfsemi Íslandspósts á sama tíma og stjórnendur fyrirtækisins telja sig ekki geta staðið við umsamdar launahækkanir til starfsmanna Íslandspósts. Þetta kemur fram á vef Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB).**

**Í ályktun trúnaðarráðs Póstmannafélagsins átelur félagið stjórnvöld fyrir að aflétta ekki arðsemiskröfu sinni á fyrirtækið og benda á að félagsmenn verði af kjarasamningsbundnum launahækkun meðan vinnuveitandinn greiðir arð til ríkisins.** - ghs


**KAUPTHING FUND**

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002

**NOTICE TO THE SHAREHOLDERS**

The Board of Directors convenes the Shareholders of KAUPTHING FUND, Sicav to attend the Annual General Meeting to be held at the registered office of the company on

**16 April 2009 at 10.00 a.m.**

with the following agenda :

1. Report of the Board of Directors and of the Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2008
3. Allocation of results
4. Discharge to the Directors
5. Renewal of the mandate of the Auditor
6. Statutory elections.

The Shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by a simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sicav.

For the Board of Directors



FÍS – fyrir íslenska verslun

**Um hvað er hægt að semja við ESB?**

**Þriðji fundur í Evrópuröð FÍS um Gjaldmiðla- og Evrópumál verður miðvikudaginn 1. apríl kl. 8:30 - 10:00.**

Frummælandi er Stefán Már Stefánsson lagaprófessor

- Fiskveiði-og auðlindastjórnunarkerfi ESB í ljósi hagsmuna Íslands.

Farið verður yfir hvað er hægt að semja um við ESB og hvað ekki. Reynslu Norðmanna í þeim efnum, hvaða árangri þeir náðu og þann lærdóm sem draga má af samningatilraunum þeirra við ESB. Sjávarútvegsstefnu ESB og hvaða áhrif hún myndi hafa á íslenskan sjávarútveg.

Fundurinn verður haldinn í húsakynnum FÍS í Húsi verslunarinnar 9. hæð og er öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

**Fundargestir vinsamlegast skrái sig í síma 588 8910 eða á netfangið fis@fis.is**


# Milljarðar í súginn vegna aðgerðaleysis

**Nefnd um skattsvik lagði til fjölda breytinga á skattalögum árið 2004. Milljarðatugir eða hundruð hafa farið í súginn í erlendu skattaskjóli síðan skýrslan kom fram. Eftirfylgni eftir skýrslunni var lítil segir einn nefndarmanna.**

**SKATTAMÁL** Tekjutap ríkisins og sveitarfélaga vegna skattsvika hafa verið 44 til 60 milljarðar árið 2008, sé tekið mið af ástandinu 2004 til 2005. Þá kom fram í skýrslu nefndar um skattsvik að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika væri 8,5 til 11,5 prósent af heildarskatttekjum. Séu skatttekjur árin 2006 og 2007 skoðaðar einnig má gera ráð fyrir undanskoti upp á nálægt 200 milljarða síðan skýrslan kom út.

Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi og núverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, segir í litlu hafa verið farið eftir tillögum nefndarinnar, en auk hans voru í henni þeir Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík, sem var formaður, og Skúli Eggert Þórðarson, þáverandi skattrannsóknastjóri.

Í skýrslunni sagði að breyttar aðstæður í atvinnu- og viðskiptalífi hefðu skapað ný tækifæri til skattsvika. Því leggi nefndin til ýmsar breytingar á lögum til að „koma í veg fyrir að skattalög verði sniðgengin með því að íslenskir skattaðilar nýti sér skattaparadísir og ýmis konar lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem sæta eiga skattlagningu hér á landi. Þá þarf að styrkja upplýsingaöflun skattyfirvalda í þessu tilliti“.

Indriði segir ljóst að þróunin hafi verið þannig síðustu ár að undanskot til skattaskjóla hafi aukist frekar en hitt. Því megi segja að aðgerðaleysi stjórnvalda hafi orðið til þess að menn hafi gengið á lagið og skattsvik af þessu tagi aukist.

„Hefði verið farið eftir tillögunum værum við að horfast í augu við mun betri stöðu skattayfirvalda til að kanna málin og aðgangur að upplýsingum væri mun betri. Ég er því ekki í vafa um að staðan væri allt önnur.“

Fyrir þinginu liggur frumvarp um breytingar á skattalögum og segir Indriði að þar komi fram ýmsar tillögur nefndarinnar, til dæmis um að upplýsingastreymi verði aukið, íslensk móðurfélög veiti upplýsingar um erlend dótturfélög og CFC-löggjöf, sem kemur í veg fyrir óeðlilegan innflutning skatta frá einu ríki til annars.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í ræðu sinni á landsfundi Samfylkingarinnar að tekið yrði af festu á skattaskjólum og skattsvikum og nefndi skýrsluna í því sambandi.

kolbeinn@frettabladid.is



**SKATTSVIK** Tillögum nefndar sem fjallaði um skattsvik og hvernig hægt væri að taka á erlendum skattaskjólum var í litlu sinnt, segir Indriði H. Þorláksson sem sat í nefndinni. Jóhanna Sigurðardóttir vill taka harðar á skattsvikum og frumvarp um breytingar á skattalögum liggur fyrir þingi.


**20 ÁRA STARFSAFMÆLI**

ALLIR FISKRÉTTIR

990 KR/KG

ÝSA Í RASPI, MARINERAÐAR FISKSTEIKUR OG ALLIR FISKRÉTTIR.

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

*Tilboðið gildir út alla vikuna*

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


Stjórnmálaflokkarnir vilja hreyfa við verðtryggingu lána en taka misstórt upp í sig:

# Allir tala um verðtrygginguna

**STJÓRNMÁL** Fjallað er um afnám verðtryggingar í ályktunum landsfunda allra flokkanna fimm sem nú eiga fulltrúa á Alþingi.

Misjafnt er þó hversu fast menn stíga til jarðar í þeim efnum.

Í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar um helgina er fjallað um afnám verðtryggingar í tengslum við aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru. „… auk þess sem verðtrygging leggst af með upptöku nýs gjaldmiðils,“ segir í ályktuninni.

Í hliðstæðri ályktun sjálfstæðismanna segir að stefna skuli að því að í boði verði óverðtryggð lán og möguleiki á að breyta verðtryggðum lánum í óverðtryggð þegar verðbólga og vextir eru komin í viðunandi horf.

Afnám verðtryggingar hefur lengi verið eitt af helstu stefnumálum Frjálslynda flokksins. Í málefnahandbók hans segir einfaldlega: „afnemum verðtryggingu af lánum.“

Í ályktun framsóknarmanna um stjórnmála- og efnahagsástandið frá í janúar segir að til lengri tíma sé nauðsynlegt fyrir alla hagstjórn að hlutfall verðtryggðra skuldbindinga minnki og að framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðilsmála leiki þar lykilhlutverk.

VG segir í sínum áherslum frá landsfundi að í framhaldi vaxtalækkana þurfi að afnema verðtryggingu í áföngum, til að mynda, með því að bjóða upp á óverðtryggð íbúðalán og lengja í lánstíma verðtryggðra lána. - bþs



**FRÁ ALÞINGI** Jón Magnússon er öflugur talsmaður afnáms verðtryggingar.

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*



# Taktu næsta skref og bókaðu þig í tölvunám núna!

1986 - 2008 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara*

### Vefsmíði og grafík



Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop eða Flash og búðu til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 27.900

*Næsta námskeið hefst 27. apríl (13-16)*

**Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Næsta námskeið hefst 25. maí (13-16)*

**DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Næsta námskeið hefst 4. maí (13-16)*

**DreamWeaver og Photoshop**

Sparaðu með því að sameina það besta.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 54.900

*Næsta námskeið hefst 27. apríl (13-16)*

**DreamWeaver, Photoshop og Flash**

Sparaðu enn meira og taktu allan pakkann.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 76.900

*Næsta námskeið hefst 27. apríl (13-16)*

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

**Kennslugreinar:**
- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

*Næsta námskeið hefst 15. apríl*

### Hagnýtt bókhaldsnám II



Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörsaðila eða endurskoðanda

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 79.900

*Næsta námskeið hefst 15. apríl*

### Pivottöflur í Excel

Frábært námskeið fyrir alla þá sem þurfa að velta tölum fyrir sér í Excel og skoða þær frá öllum hliðum. Einstakt námskeið um veltitöflur í einstöku verði.

**Lengd**: 5 st./3,5 klst. **Verð**: 12.900 (tilboð)

*Morgunnámskeið verður 22. apríl.*

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**
- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint, töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900.

*Næsta námskeið hefst 16. apríl.*

### Hagnýtt bókhaldsnám



Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 99.900

*Næsta námskeið hefst 4. maí*

### Uppsetning ritgerða og skýrslna

Gerðu betri ritgerðir og skýrslur með því að læra að útlitsmóta löng skjöl á stuttum tíma með einföldum hætti í Word. Lærðu líka að kaflaskipta skjölum, búa til millitilvísarnir, efnisyfirlit og atriðaorðaskrár með sjálfvirkum hætti, tengja töflur og myndir og steypa mörgum skjölum í eitt.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Lærðu bestu handtökin og sparaðu tíma!*

### Stutt og hnitmiðað nám

**• Byrjendanám**

Tölvufærni fyrir byrjendur • *30 st./29.900*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**• Stafræn ljósmyndun og myndbönd**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/18.900*

**• Access**

Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**• Word**

Uppsetning ritgerða og skýrslna • *13 st./16.900*
Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./19.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**• Excel**

Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
Excel IIc: Fjölvar og forritun • *32 st./49.900*
Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**• PowerPoint**

PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
PowerPoint I + II • *22 st./25.900*

**• Outlook**

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**• Publisher**

Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

**• Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 st./55.900*
DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
Flash II: Forritun • *18 st/27.900*
Photoshop: Ljósm. og grafík • *27 st./32.900*
Photoshop II: framhald • *18 st./32.900*

**• Verkefna- og tímastjórnun**

PRINCE2 verkefnastjórnun • *13 st./39.900*
MS Project verkefnastjórnun • *22 st./44.900*
Tímastjórnun með Outlook • *9 st./16.900*
Hugarkort - MindMaps • *4 st./9.900*

www.tv.is

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Styrkur til atvinnulausra

*Hafðu samband við Vinnumálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki til náms, hjá okkur, þú getur fengið hjá þeim.*

*Láttu koma þér skemmtilega á óvart!*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað hlaut Bjarni Benediktsson mörg prósent atkvæða í formannskjöri Sjálfstæðisflokksins?*

2 *Í hvaða fjalli komst fjallgönguhópur í hann krappan um helgina?*

3 *Hvað heitir formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

**Neytendur:** Um vildarpunkta Flugleiða

# *Afsláttur, ekki frí ferð*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Elva hafði samband. *„Mér leikur mikil forvitni á að vita rökin fyrir því að rukka inn 3.000 króna gjald fyrir að millifæra vildarpunkta hjá Icelandair, t.d. milli hjóna,“* skrifar hún. *„Ég sé ekki mikinn kostnað liggja í því fyrir fyrirtækið, ef nokkurn. Oft vantar nokkra punkta upp á til að maður geti keypt miða með punktum og því dettur manni í hug að millifæra. Fyrir utan svo öll bölvuð gjöldin sem hlaðast upp þegar maður notar punktana til að kaupa flug. Til dæmis fyrir flug til BNA. Auk 50.000 punkta þarf að reiða fram upphæð sem slagar upp í 30.000 krónur fyrir hvern farþega. Maður verður eiginlega að líta á þetta sem afslátt af miðanum en ekki sem „frítt“ fargjald til útlanda, því annars verður maður svo fúll þegar maður fer að bóka.“*

Um þetta segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða: „Áður var tæknilega ekki hægt að millifæra punkta, en 2007 hóf Icelandair samstarf við fyrirtækið points.com. Það sér um að kaupa, gefa og millifæra punkta. Það þjónustar flest flugfélög í heiminum og sér um tækniuppsetningu og viðhald á Netinu. Points.com aflar sér tekna með þessum þjónustugjöldum, sem spurt er um, en þau eru svipuð hjá flestum flugfélögum. Kannanir okkar sýna einnig að það hefur verið vinsælt meðal viðskiptavina Icelandair að þurfa tiltölulega fáa punkta til að komast í ferð, og greiða skatta og aðrar greiðslur með peningum. Fólk vill geta nýtt punktasöfnun sína fljótt og vel. Mun fleiri punktum þyrfti að safna til að tryggja sér flugið ef aðrar greiðslur væru ekki inntar af hendi.“




Loftslagsmál í Reykjavík:

## Lokadagur ábendinga í dag

**LOFTSLAGSMÁL Lokadagur til að senda inn ábendingar og umsagnir um stefnu Reykjavíkurborgar í loftslags- og loftgæðamálum er í dag. Reykjavíkurborg óskar eftir liðsinni borgarbúa varðandi ábendingar um hvernig megi bæta loftgæði í borginni og sporna gegn gróðurhúsaáhrifum af mannavöldum.**

**Í tilkynningu frá Umhverfis- og samgöngusviði segir að með stefnunni vilji Reykjavíkurborg leggja sitt af mörkum til að sporna gegn hlýnun jarðar og stuðla að því að loftið í borginni sé heilnæmt. Umsagnir má senda á netfangið eygerður.margretardottir@reykjavik.is eða til Umhverfis- og samgöngusviðs, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.**

- kg

Skattahækkanatillögur skila þremur milljörðum:

## Ná til ríflega 25 þúsund launþega

**STJÓRNMÁL** Vinstri hreyfingin - grænt framboð hefur reiknað út að tillögur flokksins um hátekjuskatt nái til 25.600 launþega og skili ríkissjóði um þremur milljörðum króna á ári.

Tillögurnar ganga út á að á tekjur einstaklings yfir hálfri milljón á mánuði (einni milljón á hjón) leggist þrjú prósent viðbótarskattur en átta prósent viðbót á tekjur yfir sjö hundruð þúsund krónum (1,4 milljónum á hjón). Viðbótarskatturinn á, samkvæmt tillögunum, að leggjast á þær tekjur sem eru umfram mörkin en ekki á allar tekjurnar. Í frétt frá VG kemur fram að meðallaun Íslendinga séu 368 þúsund krónur á mánuði. Af því leiði að hátekjuskatturinn leggist ekki á fólk með meðallaun.

Samkvæmt viðmiðunum VG myndu 17.400 manns greiða þrjú prósent hátekjuskatt og 8.200 átta prósenta skattinn.

- bþs

**HÁTEKJUSKATTUR VG**

| Laun í kr. | aukaskattur í kr. |
|---|---|
| 600.000 | 3.000 |
| 700.000 | 6.000 |
| 800.000 | 14.000 |
| 900.000 | 22.000 |

ÚTREIKNINGAR FLOKKSINS.



**FRAMBJÓÐENDUR VG** Tillögur flokksmanna um hátekjuskatt eiga að skila ríkissjóði þremur milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


ÞRÓUNARSAMVINNA, MANNÚÐAR- OG FRIÐARSTARF Á VETTVANGI ERLENDIS

Í samstarfi við Friðargæsluna, Rauða krossinn og Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Ætlað þeim sem starfa, eða hafa áhuga á að starfa, á þessum vettvangi og þeim sem hafa áhuga á að kynna sér alþjóðlegt hjálparstarf.

**Kennt: Mið. 29. apríl, 6. og 13. maí kl. 16:30 - 20:00, lau. 16. maí og sun. 17. maí kl. 10:00-17:00**

Sjá nánari upplýsingar á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

Rauði kross Íslands · iceida · Utanríkisráðuneytið · ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS


Eigandi Óðals ósáttur við fullyrðingar ráðamanna:

## Segir upplognar sakir vera meiðyrði

**DÓMSMÁL** Grétar Berndsen, eigandi Óðals, segir ekki hægt að líða að ráðamenn þjóðarinnar komi í fjölmiðla og rústi mannorði starfsfólks Óðals með fullyrðingum sem eigi ekki við nein rök að styðjast.

Eins og fram hefur komið liggur nú fyrir Alþingi frumvarp um að banna nektardans. Telur Grétar það ganga á rétt nektardansstaðanna og starfsmanna þeirra. Hann hefur varað við að hundruð milljóna króna skaðabótakröfur vofi yfir ríkinu verði bannið samþykkt. Til dæmis hafi Óðal gilt leyfi út árið 2012.

„Það er ljóst að ef menn ætla að halda áfram að réttlæta þessa breytingu á lögunum með einhverjum frösum eða upplognum ásökunum þá verður ekki hjá því komist að fara í meiðyrðamál við viðkomandi aðila eða reyna með einhverju móti að stöðva þetta fólk,“ segir Grétar og vísar þar til orða ýmissa alþingismanna meðal annarra sem halda því fram að nektardansstaðir tengist glæpastarfsemi á borð við mansal og vændi. Grétar segir þetta algerlega ósannað mál hvað Óðal snerti.

„Ég verð að efast um heiðarleika fólks sem vinnur með þessum hætti og maður verður hræddur um hversu hættulegt það getur orðið þegar mikil völd færast á hendur fólks sem hugsar mál út frá þröngum hagsmunum öfgahópa og frá þeim sem vilja banna alla skapaða hluti sem ekki henta þeim sjálfum.“

- gar





137 / VESTURBÆJARÚTIBÚ

Hafþór er með tvo hesta á húsi í vetur. Hann og 13 aðrir taka vel á móti þér í Vesturbænum.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Vesturbæjarútibúi við Hagatorg eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn



SJÁÐU FERMINGARBARNIÐ
REKA UPP STÓR AUGU
fermingar.hataekni.is
HUGMYNDABANKI
FERMINGANNA
tölvuvörur
iPod & MP3
hljómtæki
gsm símar
smástæður
Panasonic
Fullt verð
139.995
Fermingartilboð
119.995 kr.
Panasonic
TX-32LED8F
Glæsilegt 32"
HD-Ready
LCD sjónvarp
frá Panasonic
með stafrænum
móttakara.
Hátækni
Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is
PIPAR • SÍA • 90439



**VARNIR AÐ VORI** Það glittir í loftvarnaflaugar í skotstöðu í gegn um blóm kirsuberjatrjáa við japanska varnarmálaráðuneytið í Tókýó. Gripið var til viðbúnaðar vegna yfirvofandi eldflaugatilrauna Norður-Kóreumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Níu drepnir í Afganistan:

## Sjálfsvígstilræði í lögreglustöð

**AFGANISTAN, AP** Sjálfsmorðssprengjumaður íklæddur lögreglubúningi sprengdi sig í loft upp inni í lögreglustöð í Suður-Afganistan í gær. Hann varð með því níu manns að bana og særði átta, að því er talsmaður afganskra yfirvalda greindi frá.

Af þeim níu sem dóu í árásinni voru fimm lögreglumenn en fjórir óbreyttir borgarar.

Alþjóða Rauði krossinn varaði við því í nýrri skýrslu í gær að fleiri óbreyttir borgarar í Afganistan verði í hættu á næstu mánuðum vegna aukins óstöðugleika og átaka.

Í skýrslu Rauða krossins eru stjórnvöld í Bandaríkjunum og bandalagslöndum hvött til að taka tillit til óbreyttra borgara er hermönnum er fjölgað á vettvangi.

- aa

# Borgarahreyfingin sprettur úr búsáhaldabyltingunni

**Borgarahreyfingin kynnti áherslur sínar og frambjóðendur á blaðamannafundi í gær, þar fengu fjórflokkarnir á baukinn. Hreyfingin leggur hart að núverandi stjórn að leggja fram frumvarp um persónukjör.**

**STJÓRNMÁL** „Það er ekki hefð fyrir því að slökkviliðsmennirnir vinni með brennuvörgunum,“ sagði Þráinn Bertelsson, frambjóðandi Borgarahreyfingarinnar. Hún efndi til blaðamannafundar á skrifstofu sinni að Laugavegi í gær þar sem stefnan og nokkrir helstu frambjóðendur voru kynntir.

Þráinn var þar að svara spurningum blaðamanna af hverju hreyfingin gæti ekki hugsað sér að starfa með Sjálfstæðisflokknum. En hvað er það sem hún ætlar sér að gera? „Þetta er breytingaframboð sem ætlar að gera ákveðnar breytingar á íslenskri stjórnsýslu og þegar því er lokið munu alla vega einhverjir okkar kjósa að hverfa til starfa á öðrum vettvangi,“ sagði Jóhann Kristjánsson, kosningastjóri og frambjóðandi.

Fyrir aftan frambjóðendur blasti við mótmælaspjald úr búsáhaldabyltingunni sem á voru letraðar fjórar kröfur. Ríkisstjórnin sem byltingin beindist gegn hefur „gefist upp“ og farið þannig að aðeins standa tvær kröfur eftir og út á þær gengur hreyfingin að sögn Þráins Bertelssonar frambjóðenda. Það er að segja „nýtt lýðveldi“ og „flokkstjórn niðurlögð“. Eins voru fleiri munir innanstokks sem notaðir höfðu verið í byltingunni. „Þetta eru vopnaleyfar úr búsáhaldabyltingunni,“ sagði Þráinn. „Og Borgarahreyfingin er eiginlega pólitískur líkami þeirrar byltingar og skilgetið afkvæmi þeirra krafna sem fólk setti fram í byltingunni. Í stuttu máli sagt þá stendur Borgarahreyfingin fyrst og fremst fyrir lýðræði og heiðarleika í stað spillingar og einræðis.“

Jóhann sagði að hreyfingin krefðist þess að ríkisstjórnin stæði við loforð sitt um að leggja fram frumvarp um persónukjör en allt bendi til að það loforð verði svikið.

Hann útskýrði hvernig hreyfingin stillir upp á lista sinn. „Fólk sækist eftir ákveðnu sæti, ef síðan fleiri en einn óska eftir sama sætinu er mælst til þess að þeir sem mætist þar geri út um þann ágreining sín í milli. Það hefur gengið mjög vel í Reykjavíkurkjördæmunum að búa þannig um hnútana að þeir sem sóttust eftir sætum hafi fengið þau eða þá að hlutum hafi verið hnikað til og allt í mesta bróðerni. Ef það hins vegar kemur upp einhver ágreiningur sem ekki er leysanlegur þá einfaldlega drögum við á milli frambjóðenda.“ Flokkurinn mun ekki kjósa sér leiðtoga eins og gert er í öðrum flokkum heldur verður hann með sína talsmenn.

jse@frettabladid.is

### FRAMBJÓÐENDUR Á FUNDINUM

| Þráinn Bertelsson | 1 Rvk-N |
|---|---|
| Katrín Snæhólm | 2 Rvk-N |
| Jóhann Kristjánsson | 3 Rvk-N |
| Birgitta Jónsdóttir | 1 Rvk-S |
| Baldvin Jónsson | 2 Rvk-S |
| Þór Saari | SV |
| Valgeir Skagfjörð | SV |
| Gunnar Sigurðsson | NV |



**FRÁ BLAÐAMANNAFUNDINUM Í GÆR** Þráinn heldur á stefnuskránni. Við hlið hans eru Jóhann, Birgitta, Baldvin, Þór og svo Valgeir. Hinum megin við Þráin sat Katrín. Fyrir aftan er kröfuspjaldið og kröfurnar fjórar, tvær eru óuppfylltar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### NOKKUR ATRIÐI ÚR STEFNUSKRÁ BORGARAHREYFINGARINNAR

**Efnahagsmál:**
- Alvarleg staða heimilanna verði tafarlaust lagfærð með því að færa vísitölu verðtryggingar handvirkt fram fyrir hrun hagkerfisins (janúar 2008) og hækkanir höfuðstóls og afborganir húsnæðislána til samræmis við það.
- Leitað verði leiða til að leysa myntvanda Íslands með myntbandalagi við aðrar þjóðir eða ef með þarf með einhliða upptöku annars gjaldmiðils.
- Illa skuldsett fyrirtæki verða boðin til sölu og tilboðum aðeins tekið ef ásættanlegt verð fæst. Annars verði starfsfólkinu leyft að taka yfir lífvænleg fyrirtæki sem ekki fæst ásættanlegt verð fyrir.

**Evrópumál:**
- Hreyfingin er hlynnt aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

**Lýðræði:**
- Persónukjör til alþingiskosninga.
- Hreyfingin vill þjóðaratkvæðagreiðslu um mál sem varða þjóðarhag óski tiltekinn minnihluti þjóðarinnar þess.
- Kjördæmaskipan verði endurskoðuð.

**Uppgjör:**
- Tafarlaust verði sett í gang opinber rannsókn undir stjórn erlendra sérfræðinga á hruni íslenska efnahagskerfisins.




Vinsælasta íslenska fjölskyldutryggingin

Þarfir íslenskra fjölskyldna eru mismunandi. Þess vegna fæst vinsælasta fjölskyldutryggingin í nokkrum útgáfum. Eftir því sem heimilið stækkar og áhugamálin breytast velur þú þá vernd sem hentar þér best innan F plús trygginganna.

**Þess vegna er F plús vinsælasta fjölskyldutryggingin á Íslandi.**

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

Sundlaugar Hafnarfjarðar:

## Metaðsókn í laugarnar

**HAFNARFJÖRÐUR** Metaðsókn hefur verið í sundlaugar Hafnarfjarðarbæjar það sem af er árinu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ.

Í tilkynningunni kemur fram að alls syntu 69.378 gestir í laugum bæjarins fyrstu tvo mánuði þessa árs, sem er 41.310 fleiri en stungu sér til sunds á sama tíma á síðasta ári. Í þeim aðsóknartölum eru ekki talin með skólabörn né sundfólk á vegum Sundfélags Hafnarfjarðar og Fjarðar.

Flestir gestir komu í hina nýju Ásvallalaug en fjölgun varð líka í Suðurbæjarlaug og Sundhöllinni við Herjólfsgötu. - kg



**ÁGÚST KVARAN** Hlaupaleiðirnar í eyðimörkinni eru ævintýralega fjölbreyttar.

Sahara-eyðimerkurhlaupið:

## Starti frestað vegna rigninga

**FÓLK Íslenski ofurhlauparinn Ágúst Kvaran, sem tekur þátt í Sahara-maraþoninu, hljóp 33 kílómetra í hlaupinu í gær. Hlaupið átti að byrja á sunnudagsmorguninn en startinu var frestað um einn sólarhring vegna rigninga í eyðimörkinni. Fyrsta hlaupið hefur verið fellt niður.**

**Ólöf Þorsteinsdóttir, tengiliður Ágústs á Íslandi, segir að hætt hafi verið við að tjalda í eyðimörkinni fyrsta kvöldið vegna úrkomu og kulda og allir hlaupararnir verið settir á hótel. Þar hafi þeir beðið átekta og skoðað kort. Hún segir að hlaupaleiðirnar séu ævintýralega fjölbreyttar.** - ghs

Geðverndarfélag Akureyrar:

## Mótmælir lokun deildar

**HEILBRIGÐISMÁL** „Geðverndarfélag Akureyrar og nágrennis mótmælir harðlega lokun dagdeildar geðdeildar FSA [Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri] og lýsir yfir þungum áhyggjum af afleiðingum þessarar gjörðar fyrir geðsjúka á svæðinu,“ segir í tilkynningu frá félaginu.

Er þar og skorað á heilbrigðisyfirvöld að hefja að nýju dagdeildarþjónustu við sjúkrahúsið og minnt á tilmæli landlæknis um að auka skuli þjónustu við geðsjúka í landinu á þrengingartímum. - kóþ







## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 33 **Velta:** 128 milljónir

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 215 | **-0,07%** | 631 | **-0,29%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | +1,02% | **MAREL FOOD** | -2,43% |
| | | **FØROYA BANKI** | -1,25% |
| | | **ÖSSUR** | -1,13% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 260,00 +0,00% ... Bakkavör 1,35 -0,74% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 118,50 -1,25% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 44,25 -2,43% ... Össur 87,50 -1,13%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Krónan veikist hratt

Krónan veiktist um 0,95 prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 211 stigum. Þegar mest lét sló hún einu stigi betur og hafði krónan þá ekki verið veikari frá 23. janúar. Vísitalan var á hraðri niðurleið í janúar eftir snarpan kúf til eins mánaðar. Hæst snerti gengisvísitalan 250 stig í byrjun desember.

Krónan hefur nú veikst viðstöðulaust um ellefu prósent í á þriðju viku eftir að hafa farið lægst við 187 stigin. Þá hafði gengi krónu ekki verið sterkara síðan fyrir ríkisvæðingu bankanna.

Greiningardeild Íslandsbanka bendir á að lítil velta á gjaldeyrismarkaði liggi á bak við lækkun krónunnar, eða 1,7 milljarðar króna. Lítið þurfi til að hreyfa við gengi hennar í skugga gjaldeyrishafta. - jab


# Fundur fulltrúaráðs
## Samfylkingarinnar í Reykjavík

Boðað er til fundar í fulltrúaráði Samfylkingarinnar í Reykjavík þriðjudaginn 31. mars kl. 20[00]
Tillögur að framboðslistum Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmum fyrir Alþingiskosningar 2009 verða kynntar. Fundarstaður er Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík.

**Dagskrá fundarins**

1. Tillögur uppstillingarnefndar að framboðslistum
2. Önnur mál

Stjórn fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík

Athugið að fundurinn er eingöngu opinn fyrir kjörna fulltrúa í fulltrúaráðið sem eru fulltrúar Samfylkingarfélaganna í Reykjavík á landsfundi 2009.

**Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík**


# Eftirlitsstofnanir skorti verkfæri til viðbragða

**Slakur bankarekstur, slæm opinber stefna og óheppni spiluðu saman í falli fjármálakerfisins, að mati Kaarlos Jännäri, finnsks bankasérfræðings. Hann skilaði í gær skýrslu um reglur og eftirlit með bankastarfsemi hér. Jännäri leggur til ýmsar leiðir til úrbóta og telur líklegt að innan fimm ára verði Ísland orðið aðili að ESB og taki upp evru.**



**KAARLO JÄNNÄRI** Finnski bankasérfræðingurinn sem í gær skilaði skýrslu sinni fyrir forsætisráðuneytið var forstjóri fjármálaeftirlits Finna í 11 ár, var um tíma einn yfirmanna finnska seðlabankans og var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri SKOP-bankans finnska á þeim tímum þegar fjármálakreppa var hvað mest þar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska bankakerfið verður í framtíðinni mjög ólíkt því gamla að mati Kaarlos Jännäris, sem er einn þekktasti bankamaður Finnlands. Hann telur að bankarnir verði hér hefðbundnar smáar stofnanir sem starfi á innanlandsmarkaði.

Kaarlo Jännäri kynnti síðdegis í gær skýrslu sína um reglur og eftirlit með bankastarfsemi. Skýrslan er hluti af samkomulagi Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Jännäri segir að færa megi yfir á fall íslenska bankakerfisins það sem sagt var um fall þess norska um tveimur áratugum fyrr. Það skrifist á slakan bankarekstur, slæma stefnu og óheppni.

Jännäri segir að ekki megi gleyma ábyrgð þeirra sem bönkunum stýrðu í örri útþenslu sem byggt hafi á miklum lántökum og fjárfestingum á eignabólusviðum. Þeirra sé ábyrgðin mest á að byggja upp bankakerfi sem komið hafi verið úr öllu hlutfalli við það sem landið og stofnanir þess gátu staðið undir.

Þá hafi peningamálastjórn Seðlabankans ekki haft nema mjög takmörkuð áhrif vegna flæðis erlends fjármagns inn í landið. Aukið hafi á þennan vanda að íslenska ríkið hafi í raun rekið tvær peningastefnur, en vaxtastefna Íbúðalánasjóðs hafi unnið gegn markmiðum Seðlabankans.

Sömuleiðis segir Jännäri að Fjármálaeftirlitið (FME) hafi ekki haft burði til að hafa eftirlit með jafnstóru fjármálakerfi og hér var orðið til. Eftirlitið hafi búið við sama regluverk og almennt á Evrópska efnahagssvæðinu, en bundið á sama klafa þröngs lagabókstafs og norræn fjármálaeftirlit. Hann mælist til þess að ekki verða felldar út heimildir FME í neyðarlögunum til að bregðast við og grípa inn í á fjármálamarkaði.

Óheppnin felst svo í því að á skyldi bresta fjármálakreppa í heiminum af slíkri dýpt að annað eins hafi ekki sést síðan í kreppunni miklu á fjórða áratugnum. „Fall Lehman Brothers bankans 15. september veitti íslensku bönkunum náðarhöggið og gerði út um getu stjórnvalda til að koma þeim til aðstoðar,“ segir Jännäri. „Hefði ekki orðið algjört frost á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og trú á Íslandi ekki brostið hefði kannski verið örlítil von um að bankarnir lifðu af.“

Jännäri segir erfitt að spá fyrir um langtímaþróun efnahagslífs hér, en telur miklar líkur á að landið gangi í Evrópusambandið (ESB) og taki upp evru á næstu fimm árum eða svo. olikr@markadurinn.is

### TILLÖGUR KARLOS JÄNNÄRRIS

- Fækka ber ráðuneytum sem hafa með fjármálamarkaðinn að gera.
- Sameina ber Seðlabankann og FME, eða færa undir sömu yfirstjórn.
- Auka þarf valdheimildir FME og hvetja stofnunina til að beita sér af meiri krafti.
- Koma þarf upp útlánaskrá (e. national credit registry) hjá FME til að draga úr útlánaáhættu í kerfinu og til að auka yfirsýn yfir stórar áhættuskuldbindingar á landsvísu.
- Setja þarf strangari reglur um stórar áhættuskuldbindingar, lán til tengdra aðila og hæfi eigenda, um leið og herða ber framkvæmd slíkra reglna eftir atvikum á grundvelli matskenndra heimilda í samræmi við heilbrigða dómgreind.
- Gera þarf fleiri vettvangskannanir hjá eftirlitsskyldum aðilum í því skyni að sannreyna veittar upplýsingar vegna eftirlits með fjármálastarfsemi og efni skýrslna, einkum að því er varðar útlánaáhættu, lausafjáráhættu og gjaldeyrisáhættu.
- Innstæðutryggingakerfið ber að endurskoða og bæta í nánu samhengi við þróun mála á þessu sviði innan Evrópusambandsins.
- Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði löggjafar og eftirlits með fjármálastarfsemi er mikilvæg, einkum innan Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins.








Borgun er eina fyrirtækið á landinu sem býður heildarlausn í færsluhirðingu. Fyrirtæki sem eru með öll kortaviðskipti hjá Borgun njóta betri kjara og fá betri yfirsýn yfir tekjur með einu uppgjöri fyrir öll kortaviðskipti. Með Borgun tekur þú við öllum kortum.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



**GYLFI MAGNÚSSON** FME verður að hafa skýrar og ríkar heimildir segir viðskiptaráðherra.

# Skynsamlegar tillögur

Skynsamlegt gæti verið að halda inni heimildum Fjármálaeftirlitsins til að grípa inn í rekstur fyrirtækja, eins og Kaarlos Jännäres leggur til í skýrslu sinni, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

„Fjármálaeftirlitið verður að hafa skýrar og ríkar heimildir,“ segir Gylfi. Vel megi vera að eitthvað hafi skort upp á þær á undanförnum árum. Ákvörðun um slíkt bíði þó nýrrar ríkisstjórnar.

Gylfi segir tillögu Jännäres um að safna saman undir eitt ráðuneyti því sem tilheyri fjármálamarkaðnum einnig skynsamlega. Heppilegast geti reynst að sameina þá þætti í viðskiptaráðuneytinu.

- bj



**RICK WAGONER** Forstjóri bandaríska bílarisans General Motors tók poka sinn í gær eftir að hafa keyrt fyrirtækið óþægilega nálægt gjaldþrotahamrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Forseti skammar bílarisana

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, sagði í gær nýjar rekstraráætlanir bílarisanna General Motors og Chrysler óásættanlegar og væri réttast að fyrirtækin færu í greiðslustöðvun til að knýja fram endurskipulagningu í rekstri þeirra. Gangi það eftir geta fyrirtækin átt von á að fá viðbótarlán úr ríkissjóði.

General Motors, sem horfði á eftir forstjóra sínum í gær, hefur þegar fengið 13,4 milljarða dala frá ríkisvaldinu og hefur beðið um dálítið hærri fjárhæð til viðbótar. Þá hefur Chrysler verið skipað að mynda bandalag við ítalska bílaframleiðandann Fiat áður en hægt verði að laga fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

- jab







140 / HAFNARFJÖRÐUR

Dagný er sannkallaður Haukur í horni.
Hún og 14 aðrir taka vel á móti þér við Fjarðargötuna.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu í Fjarðargötu 9
eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Evrópumálin eftir landsfundi:

## Ný leiðarstjarna

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Landsfundir Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar um síðustu helgi skýrðu línur um margt. Ríkisfjármálapólitíkin er óskrifað blað í báðum flokkum. Báðir völdu nýja leiðtoga. Leiðir þeirra skildu hins vegar með afgerandi hætti í Evrópumálum.

Kjölfestuleysi var hluti af vanda Samfylkingarinnar. Það hjálpar henni því að gera vinsælan aldursforseta Alþingis að formanni. Um leið er álitlegum ungum manni skipað á bekk varaformanns með góðri kosningu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að tapa trúnaði unga fólksins. Í því ljósi er rökrétt að kjósa ungan og efnilegan mann til forystu. Það opnar dyr tækifæra. Yfirgnæfandi stuðningur við áframhaldandi setu varaformannsins ítrekar svo vilja til að nálgast miðju stjórnmálanna.

Samfylkingin endurtók fyrri afstöðu sína um evru sem gjaldmiðil og aðild að Evrópusambandinu. Það sama gerði flokkurinn fyrir kosningar 2007 án þess að gera að skilyrði fyrir stjórnarmyndun. Við stjórnarmyndun í byrjun þessa árs var Evrópustefnan heldur ekki þátttökuskilyrði. Það var aukheldur ekki gert á þessum landsfundi varðandi framhald núverandi samstarfs.

Eftir að VG útilokaði samstarf við Sjálfstæðisflokkinn hafði Samfylkingin öll tök á að setja úrslitakosti um evru og Evrópusambandsaðild án þess að fórna ráðherrastólum. Í raun réttri felst því í niðurstöðu landsfundar Samfylkingarinnar að VG ráði framgangi málsins á næsta kjörtímabili.

Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði algjörlega aðild að Evrópusambandinu. Málamiðlunartillaga fráfarandi formanns var útvötnuð. Fari svo að ríkisstjórn taki málið upp á Alþingi leggur landsfundur Sjálfstæðisflokksins til að farin verði flókin tafaleið með tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum.

Að því leyti sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins lokar ekki á aðild er framvinda málsins og frumkvæði lagt í hendur VG. Þannig hafa bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin, með gagnstæðum formerkjum, gert Steingrím Sigfússon að leiðarstjörnu landsins í Evrópumálum og um leið um lausn peningastefnunnar. Hann hefur lýst trú sinni á að stjórnarflokkarnir nái saman þar um. Þeirri niðurstöðu á hins vegar að halda leyndri fram yfir kosningar.

Upptaka evru og aðild að Evrópusambandinu leysir ekki sjálfkrafa þann djúpa efnahagsvanda sem þjóðin er komin í eins og forystumenn Samfylkingarinnar láta í veðri vaka. Aðildin og ný mynt eru hins vegar forsenda þess að íslenskt atvinnulíf fái samkeppnisfært rekstrarumhverfi og launafólk fái laun greidd í gjaldgengri mynt.

Enginn stjórnmálaflokkur hefur sýnt fram á hvernig tryggja á samkeppnishæfni atvinnulífsins með óbreyttum gjaldmiðli. Án jafnrar samkeppnisstöðu er lítil von til þess að tugir þúsunda Íslendinga losni úr ánauð atvinnuleysisins á næstu árum.

Síðustu daga hefur birst í auglýsingum ávarp fólks úr ólíkum stjórnmálaflokkum og starfsgreinum samfélagsins. Þar er lýst samstöðu um evru og aðild að Evrópusambandinu. Almenningur í landinu á nú eina von. Hún er sú að í kosningabaráttunni verði mynduð þjóðarhreyfing undir merkjum þessa ávarps til að knýja á um skjótan framgang málsins.

Of mikið er í húfi að ásættanlegt sé að þjóðin gangi á slíkum örlagatímum til kosninga með það úrræðaleysi sem við blasir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Nú er tími til framkvæmda!

100%

endurgreiðsla á vsk.

Viðskiptavinir Rafsólar athugið!!!

Frá 1. mars 2009 fá eigendur íbúðarhúsnæðis endurgreiddan allan virðisaukaskatt af vinnu við viðhald og endurnýjun raflagna.

Rafsól mun aðstoða við útfyllingu umsóknar vegna endurgreiðslu ef óskað er.

Upplýsingar í síma:

553 5600 og 696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík • Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Rafsól er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni

EINN, TVEIR OG ÞRÍR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Skýr svör**

Það er álitin dyggð í stjórnmálum að tala skýrt, til dæmis var tekið eftir því hversu skorinorður Bjarni Benediktsson var um Evrópumál í viðtali við Fréttablaðið á dögunum. Þar sagði Bjarni meðal annars að taka yrði afstöðu til aðildar að ESB með hliðsjón af þeim fórnum sem þyrfti að færa. Innan flokksins greindi menn á um hversu miklar þær fórnir yrðu en úr því yrði ekki skorið nema með aðildarviðræðum. Bjarni sagðist enn fremur vilja „ganga hreint til verks“ í þessum efnum og ekki „leika marga biðleiki“.



**Önnur svör - en samt skýr**

Stuttu síðar var Bjarni kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins. Í kvöldfréttum RÚV á sunnudag talaði hann ekki síður skýrt um Evrópumál: „ Við höfum endurnýjað matið og komist að sömu niðurstöðu og áður, á grundvelli hagsmunamats, að þetta sé ekki brýnt úrlausnarefni og að okkar hagsmunum sé enn betur borgið utan [ESB].“ Sem sagt, tvö mjög skýr svör. Að vísu ekki mikill samhljómur á milli þeirra en engu að síður skýr.



**Sigmundur biðst forláts**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson baðst afsökunar á því fyrir hönd Framsóknarflokksins hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna á Morgunvakt Rásar eitt í gær; það hefðu verið mistök að tryggja ekki dreifðara eignarhald. En það hafa líka fleiri mistök komið í ljós, til dæmis reyndust virkjanaframkvæmdir á Austurlandi afar þensluhvetjandi og ekki bætti úr skák stóraukið aðgengi að lánsfé, eftir að lánshlutfall Íbúðalánasjóðs var hækkað upp í 90 prósent. Framsókn bar hitann og þungann af þessum tveimur málum. Ætlar Sigmundur Davíð að biðjast afsökunar á þeim líka?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Frumkvæði í samskiptum

Ég hef stundum undrast það hverju marga skortir frumkvæði í samskiptum, jafnvel þar sem ríkur vilji stendur til samfunda og samræðna. Þetta er hvorki feimni né stórlæti. Miklu fremur eins og það sé slökkt á þessum takka á mælaborði viljans. Þetta er gjarnan sjálfsöruggt fólk og veraldarvant sem fagnar því mjög að hitta vini og kunningja, en á ekki frumkvæði að þeim vinafundum. Er jafnvel mikið að hugsa um hvað að sé langt síðan það heyrði í þessum eða hinum, en tekur ekki sjálft upp símann. Heldur áfram að bíða eftir að hann hringi. Og þeir sem eru svo heppnir að eiga frumkvæða fjölskyldu og vini geta treyst því að þurfa ekki að bíða lengi.

Viljinn er merkilegt fyrirbæri. Hann getur liðið áfram í farvegi þægilegheitanna, en það er líka hægt að virkja hann, rétt eins og fallvötnin, og þá fer eitthvað að gerast.

**Uppgjöf**

Fyrir nokkrum árum var ég að spjalla við norskan manni á veitingahúsi í Ósló. Þetta var alvörugefinn eldri maður, afar kurteis og bar með sér að hafa haft mannaforráð. Eftir almennt spjall um Ísland og Noreg, sagðist hann hafa misst eiginkonu sína fyrir þremur árum og saknaði hennar óskaplega. Þau hefðu verið afar samrýnd og aldrei nánari en eftir að þau urðu ein. Núna byggi hann einn í stórri íbúð í góðu hverfi, löngu kominn á eftirlaun og hitti sjaldan fólk. Börnin hans kæmu nánast aldrei, en einn sonarsonur hans, sautján ára að aldri, liti reyndar oft inn. Líf hans væri í raun búið og ekkert eftir.



**JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR**

**Í DAG** | Samvera

Ég sagði við hann að ef þau hjónin hefðu notið samvista hvort við annað í þeim mæli að þau ræktuðu ekki samvistir við fjölskyldur barna sinna, gætu fjarvistir barna hans alveg eins verið virðing við það val, eins og áhugaleysi á því að hitta hann. Ef hann ætlaði að sitja einn í stóra húsinu sínu og vorkenna sjálfum sér af því að lífið væri búið, þá væri ekki fjörlegt fram undan. En hann réði því sjálfur. Maður sem ætti barnabörn á unglingsárum sem hefðu frumkvæði að því að hitta hann, ætti að rækta slíkt samband, eiga sjálfur frumkvæði að því að umgangast þau, fara með þeim í ferðalög eða annað skemmtilegt.

*Á þeim tímum sem við nú lifum ættum við ekki að spara samskipti við vini og kunningja og fjölskyldufagnaði. Reyndar virðast hvers kyns samvistir hafa aukist til muna og hugmyndaflugið jafnvel virkjað í því augnamiði að gera samveruna eftirminnilegri.*

Sama ætti við um vini hans og fjölskylduna alla.

Maðurinn þakkaði mér kærlega fyrir þessa athugasemd og sagði að enginn hefði talað svona við sig. Ég benti honum á að það væri vegna þess að hann byði ekki upp á það, og við kvöddumst með virktum.

**Vinafundir**

Á þeim tímum sem við nú lifum ættum við ekki að spara samskipti við vini og kunningja og fjölskyldufagnaði. Reyndar virðast hvers kyns samvistir hafa aukist til muna og hugmyndaflugið jafnvel virkjað í því augnamiði að gera samveruna eftirminnilegri. Kannski ættum við að líta í eigin barm og skoða hvort það séu ekki einhverjir sem ekki tilheyra virku félagskerfi. Einhver sem maður er alltaf á leiðinni að heimsækja.

Sjálf er ég ekki saklaus af því. Og maður spyr sig hvernig því víkur við að maður finni sér ekki tíma til að heimsækja þá sem manni þykir bæði vænt um og gaman að vera með, eða mælir sér mót við þá og fer í bíó, á kaffihús, á Sjóminjasafnið eða bara í sund og heita pottinn.

Ég hef verið að velta fyrir mér hvort það muni fara að aukast að fólk banki hjá vinum sínum og líti inn án þess að hafa verið boðið. Að það hætti að hugsa um að vinir þeirra séu örugglega upptekinir, eða í vinnunni. Getur verið að við séum orðin svo vön hinu að okkur þætti óþægilegt að fá óvænta gesti? Það er svo margt í endurskoðun í dag, að þó að fólk hittist helst utan heimila, langflest samskiptin séu vélræn en ekki persónuleg, og vinirnir séu á Netinu en ekki í næsta húsi, þá er aldrei að vita nema óvæntar heimsóknir milli vina hætti að vera lúxus á næstu árum.

# Heilbrigðisþjónusta fyrir alla?

**UMRÆÐAN**

Gunnar Kristinn Þórðarson skrifar um velferðarkerfið

L-listinn hefur haldið uppi þremur samfélagslegum grunngildum sem lúta að fæðuöryggi heimila og þjóðar, húsaskjóli og heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð efnahag. L-listinn hefur boðið fram lausn fyrir heimili sem komin eru í greiðsluerfiðleika, en hún lýtur að því að ríkið kaupi skuldir skuldsettra heimila að hluta eða fullu að undangengnu greiðslumati, og leigi skuldurum íbúðina og veiti þeim jafnframt forkaupsrétt að íbúðinni að kreppunni lokinni.

Ljóst er að atvinnulausir foreldrar með börn á framfæri búa við lítið sem ekkert fæðuöryggi, og vart má sjá að þær fjölskyldur eigi til hnífs og skeiðar. Ég vil varpa þeirri hugmynd til kjósenda að löggjafinn geri atvinnuleysisbætur friðhelgar gagnvart kröfuhöfum skuldara til að treysta fæðuöryggi heimila sem búa við atvinnuleysi.

Ljóst er að fjölskyldur sem búa við atvinnuleysi búa einnig við þá ógn að hafa ekki efni á venjulegri læknaþjónustu eins og sérfræðiþjónustu, rannsóknum, aðgerðum og lyfjakúrum.



**GUNNAR KRISTINN ÞÓRÐARSON**

Við Íslendingar búum raunverulega við þær aðstæður, að heilbrigðisþjónusta er ekki lengur aðgengileg fyrir alla, heldur aðeins þá sem starfandi eru. Sjálfur vil ég sjá alla heilbrigðisþjónustu og lyfseðilskyld lyf frí fyrir atvinnulaust fólk og börn þeirra. Aðstæður eru orðnar svo alvarlegar í íslensku samfélagi, að þessir grunnþættir og gildi samfélagsins eru ekki lengur þeir hornsteinar sem þjóðin hvílir á.

Sem heilbrigðisstarfsmaður til margra ára hef ég rökstuddan grun um að það sé opinbert leyndarmál innan heilbrigðiskerfisins að stjórnmálamenn fái forgang í heilbrigðiskerfinu. Þá fara þeir efst á alla biðlista sem lúta að rannsóknum, meðferðum og aðgerðum. Svo koma þeir stjórnmálamenn sem njóta þessara forréttinda fyrir í fjölmiðlum rjóðir í vöngum og dásama íslenskt heilbrigðiskerfi. Ég vil varpa þeirri spurningu til heilbrigðisráðherra og landlæknis hvort þessi vinnubrögð séu enn gild innan heilbrigðiskerfisins, og vona um leið að svar þeirra verði sannleikanum samkvæmt.

*Höfundur skipar 2. sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður fyrir L-listann.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**HEILSA OG HAGSÆLD** með nýsköpun er yfirskrift morgunverðarráðstefnu sem haldin verður á Grand hóteli 6. apríl næstkomandi. Kynntar verða niðurstöður úttektar starfshóps á aðstæðum til nýsköpunar í tengslum við heilbrigðisþjónustu.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Flottir skór á fínu verði



Vandaðir herraskór úr leðri, skinn-fóðraðir og með vatnsþolnum sólum.
Stærðir: 41 - 47
Litur: kastaníu brúnn
Verð: 7.875.-



Sérlega mjúkir og þægilegir herrasandalar úr leðri með hælbandi.
Litur: svart
Stærðir: 40 - 47
Verð: 8.985.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



Phill kennir um þessar mundir í Golklúbbnum Keili í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óvenjulega fróð þjóð

**Phill Hunter kennir Íslendingum golf og miðlar þar af áralangri reynslu í atvinnumennsku. Draumurinn er svo að stofna golfskóla þar sem hann getur tekið frekari þátt í uppbyggingu íþróttarinnar hérlendis.**

Phill Hunter hefur meira en 25 ára reynslu af atvinnumennsku í golfi, bæði sem kylfingur og kennari. Hann ætti að vera íslenskum kylfingum að góðu kunnur, því hann kenndi hér golf um árabil en fluttist svo til Þýskalands og stofnaði þar golfskóla sem naut vinsælda. Nú er Phill fluttur aftur til landsins og ætlar að kenna Íslendingum golf, en miðað við smæð telur hann þjóðina óvenju fróða um þessa íþrótt. „Í raun er merkilegt hversu hátt hlutfall íslensku þjóðarinnar spilar golf eða þekkir leikreglurnar og frá sjónarhorni atvinnumanns eins og mín er það auðvitað stórkostlegt," bendir Phill á. „Hér á golf sér líka sögu ólíkt til dæmis í Þýskalandi þar sem minna er fjallað um það og almenningur er frekar illa að sér í þessari íþrótt."

Þegar Phill fluttist til Þýskalands hafði hann búið hér frá árinu 1988 til 1997. Á þeim tíma kvæntist hann íslenskri konu og tók virkan þátt í uppbyggingu golfíþróttarinnar á Íslandi; starfaði fyrst með Golfklúbbi Reykjavíkur og svo Golfklúbbi Suðurnesja, þjálfaði landsliðið í golfi og vann til allra hugsanlegra titla í íþróttinni sem hægt er að hampa svo fátt eitt sé nefnt. Þá tók hann að lengja eftir nýrri áskorun og þegar kallið barst, flutti hann með fjölskylduna til Arken í Þýskalandi og tók þar við rekstri golfskólans Golfclub Haus Kambach . „Þetta var svona tveggja stjörnu golfskóli, sem er nú ekki hátt skrifað á okkar mælikvarða," rifjar Phill upp. „En ég ákvað að breyta því til betri vegar, réði til mín góða menn og þá fóru hjólin að snúast."

Áður en yfir lauk var golfskólinn skreyttur fimm stjörnum og það góða orðspor sem af honum fór tók að laða til sín meðlimi annarra klúbba. Árið 2008 ákvað fjölskyldan að snúa aftur til Íslands og í þetta sinn var það ekki áskorun sem Phill þurfti, heldur var sonurinn við það að hefja skólagöngu og hjónin voru sammála um að íslenskur skóli hentaði honum best. „Upphaflega ætlaði ég að stofna hér skóla, en efnahagsástandið breytti öllu. Þannig að ég ætla að halda mig við kennsluna í bili," segir hann og er ekki annað að heyra en hann sé ánægður með hlutskipti sitt. „Algjörlega. Samanborið við Þjóðverja sem hafa tilhneigingu til að spila golf til að sýna fram á sterka þjóðfélagsstöðu, gera Íslendingar það íþróttarinnar vegna. Þess vegna finnst mér svo gaman að vera hér," segir Phill og bætir við að hann sé þó ekki búinn að gefa drauminn um skólann upp á bátinn. Hann verði einhvern tímann að veruleika. *roald@frettabladid.is*

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**31. mars Líkamsstaða, skrifstofuumhverfið og æfingar.**
*Haraldur Magnússon osteopati*
**04. apríl Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
**07. apríl Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli**
*Edda Björgvins*
**14. apríl Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
*Haraldur Magnússon osteopati*
**16. apríl Hvað er málið með aukakílóin?**
*Matti Ósvald heilsufræðingur*
**18. apríl Hláturjóga með jákvæðu styrkjandi ívafi**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*

Ferskur fiskur og fiskréttir

Ýsa R/BL 1090 KR/KG
Ýsa M/Roði 890 KR/KG
Ýmsir réttir 1190 KR/KG

ATH þetta er ekki tilboðsverð
- þetta er okkar verð alla daga

Réttur dagsins alla daga
990 KR

Fiskbúðin Mos
Háholt 13-15 –milli Krónunnar og Mosfellsbakarís - S: 578-6699 – Opið 10-19 alla virka daga

LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is



LÍFOLÍA
er ilmandi og djúpvirk fyrir vöðva og liði.
BIRKIOLÍA
mýkir og græðir þurra húð og exem.
BLÁGRESISOLÍA
nærir viðkvæma slímhúð og eyðir bólgu.

+Prófaðu 100% lífræna mýkt úr íslenskri náttúru
VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN
Olían frá Móður Jörð er án allra aukaefna og framleidd í Vallanesi á Fljótsdalshéraði.
Dreifing: Heilsa ehf.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**HVÍTLAUKUR** er góður við streitu og umgangspestum. Hvítlaukur hefur verið notaður til lækninga í yfir fimm þúsund ár en bæði Forn-Egyptar og Kínverjar ræktuðu hann.


Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum
-auðveldur í lögn
-glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfdúk og teppi

forbo FLOORING SYSTEMS

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510




Kaupglöðum konum er ráðlagt að fara ekki að versla síðustu vikuna fyrir blæðingar.

# Tíðir og tíska

**Konur geta nú með góðri samvisku kennt mánaðarlegum heimsóknum Rósu frænku um óhóflega eyðslu í óvæntum verslunarferðum.**

Síðustu tíu dagana fyrir blæðingar eru konur líklegri til að sleppa sér í óvæntum og dýrkeyptum innkaupum. Ástæðan? Þeirra eigin glíma við neikvæðar tilfinningar og aðra gremju sem fylgir hormónabreytingum tíðahringsins.

Þetta kemur fram í nýbirtri rannsókn breska sálfræðiprófessorsins Karenar Pine við Hertfordshire-háskóla í Englandi, en í henni spurði Karen alls 443 konur á aldrinum 18 til 50 ára um eyðsluvenjur þeirra.

Tvær af hverjum þremur konum viðurkenndu að hafa keypt meira en til stóð á síðari hluta tíðahringsins. Yfir helmingur þeirra sagðist hafa eytt meira en 4.500 krónum í óþarfa og fjölmargar lögðu út 45.000 krónur. Flestar þjáðust af sektarkennd á eftir.

Í rannsókn Karenar Pine kemur fram að eyðsla kvenna verður stjórnlausari, hvatvísari og gengdarlausari í lokaviku tíðahringsins. Niðurstöður voru enn yfirdrifnari ef konur þjáðust af mikilli fyrirtíðaspennu.

„Hormónar flæða um líkamann í bylgjum og hafa víðtæk áhrif á heilastarfsemi; tilfinningar og hömluleysi. Hegðunin kemur því ekki á óvart,“ segir Karen og bætir við að frekari skýringar megi ef til vill finna í þeirri staðreynd að konur kaupi sér hluti til að líta betur út á þeim tíma mánaðarins sem þær eru frjósamastar, en oftast kaupa konur sér skartgripi, snyrtivörur eða skó með háum hælum.

„Fyrri rannsóknir hafa sýnt að konur skreyta sig meira og klæðast meira eggjandi fatnaði í kringum egglos,“ segir Karen og ráðleggur konum sem hafa áhyggjur af eyðslu sinni að forðast verslunarferðir í síðustu viku fyrir tíðir.

*- þlg*


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ




Heilsusamleg næring er mikilvæg.

# Heil og sæl í vinnunni

**Vinnueftirlitið og Lýðheilsustöð veittu fjórar viðurkenningar 25. mars síðastliðinn til fyrirtækja sem þóttu fyrirmyndarvinnustaðir í átaksverkefninu Heil og sæl í vinnunni.**

Forstjóri Vinnueftirlitsins, Eyjólfur Sæmundsson og forstjóri Lýðheilsustöðvar, Þórólfur Þórlindsson, veittu á dögunum viðurkenningar til fjögurra fyrirtækja sem þóttu fyrirmyndarvinnustaðir í átaksverkefni um heilsueflingu á vinnustöðum.

Verkefnið kallast Heil og sæl í vinnunni og stóðu Vinnueftirlitið og Lýðheilsustöð að átakinu sem stóð yfir allt síðasta ár, 2008. Tóku sjötíu vinnustaðir þátt í því. Lögð var áhersla á hreyfingu, heilsusamlega næringu, streituvarnir, tóbaksvarnir og áfengis- og vímuefnavarnir. Þau fyrirtæki sem hlutu viðurkenningu voru Actavis, leikskólinn Lyngholt á Reyðarfirði, Íslandspóstur og Snælandsskóli í Kópavogi.

*- hs*


Courses - spring 2009

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Kursy wiosenne 2009

Námskeið vor 2009

ICELANDIC FOR FOREIGNERS
9 weeks courses – 60 class hours
Courses start on 14th April

ICELANDIC I
ICELANDIC II
ICELANDIC III
ICELANDIC IV
Tuesday and Thursday 19:00 – 21:30
Price: 16.900 kr.

Registrations and information:
http://kvoldskoli.kopavogur.is
and in the office of Kvöldskóli at Snælandsskóli, Furugrund
Tel: 564 1507

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
9 vikna námskeið –
60 kennslustundir
Kennslan hefst 14. apríl

ÍSLENSKA I
ÍSLENSKA II
ÍSLENSKA III
ÍSLENSKA IV
þriðjud. og fimmtud. 19:00 – 21:3
Verð: 16.900 kr.

Innritun og upplýsingar á vef skólans
http://kvoldskoli.kopavogur.is
og á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við Furugrund
Sími: 564 1507

KURS JEZYKA ISLANDZKIEGO DLA OBCOKRAJOWCOW
Kurs 9-tygodniowy-60 godzin
Zajecia rozpoczynaja sie
14. kwietnia

ISLANDZKI I
ISLANDZKI II
ISLANDZKI III
ISLANDZKI IV
wtorki i czwartki 19:00-21:30
Cena: 16.900 kr

Zapisy i informacje na stronie szkoly:
http://kvoldskoli.kopavogur.is
oraz w biurze Szkoly przy Snælandsskóla, Furugrund
pod nr telefonu: 564 1507

http://kvoldskoli.kopavogur.is







### Húsaviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir, breytingar og aðra almenna smíðavinnu, utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Ryð og lekavarnir á þökum
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

### Múrverktakar
Múrvertakar geta bætt við sig öllu almennu múrverki eða múrviðgerðum. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

Faglærður pípari getur bætt við sig verkefnum í pípulögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069.

## Stífluþjónusta




## Nudd

Great nudd nudd nudd. Full service 24h. Melissa 821 1699

Heilnudd - heilnudd. Gsm. 616 7232.

## Spádómar




## Þjónusta










Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

## Iðnaður

### Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Múrarar

### Viðgerðir
Múrverk, flísar, gifs, steining og fl. utan sem innan. Alexa ehf s. 847 2209.

## Rafvirkjun




## KEYPT & SELT

## Til sölu

**Evrur og dollarar til sölu!**
**Evrur og dollarar til sölu, til afhendingar hérlendis eða erlendis.**
**Uppl. í s. 693 6445.**

## Óskast keypt

**Evrur óskast**
**Óska eftir að kaupa evrur og dollara.**
**Regent Accounts Ltd. Uppl. gefur Sverrir í s. 618 7001.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**

**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Gull - Gullskartgripir**
**Kaupum til bræðslu allar tegundir gullskartgripa, gamla, nýlega, ónýta gegn stgr. demantar.is - Pósthússtræti 13 - S. 699 8000 Magnús Steinþórsson.**

Óska eftir tré rennibekk record eða sambærilegann. S. 893 7113.

Óska eftir að kaupa De-walt veltisög. Sími 898 6007.

## Hljóðfæri




### Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Tölvur

### Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

## Verslun



### GreenHouse
GreenHouse vor- sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Opið í dag, þriðjudag 13-19. Green House Rauðagerði 26.




Við erum einn stærsti söluaðili á kynlífshjálpartækjum, DVD og undirfötum á Íslandi. www.kynlifsbudin.com







## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

### Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

### Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

**Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vegna flutninga er til sölu baðkommóða frá Fífu. Einnig skatthol og saumakassi á hjólum. Hvor tveggja úr tekki og yfir 30 ára gamalt. Tilboð óskast, sími 8444057

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**3 herbergja íbúð til leigu á Bárugötu.**
**Til leigu 90 m2 íbúð á besta stað í 101, getur leigst með húsgögnum. Skammtíma eða langtímaleiga. Verð 120 þús á mánuði Uppl. gefur Margrét í s. 699 1060.**



**Ný 4ra herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Sérhæð við Rauðalæk**
**Til leigu 120 fm 6 herb. sérhæð við Rauðalæk (105). Leiguverð 140 þ. á mán.**
**Uppl. í s. 898 1188.**

**Vesturbær 107**
**Til leigu snyrtileg, vel skipulögð og björt 2ja herb. íbúð við Reynimel. Leiguverð 100 þús. á mán. Hiti og hússjóður innifalinn.**
**Uppl. í s. 898 1188.**

Til leigu 2ja herbergja kjallaraíbúð við Mánagötu í Reykjavík svæði 105. Laus strax. Langtímaleiga. Allar upplýsingar í síma 8475257.

Mínístúdíó. v/Laugav. 15fm kjallari. Laus strax. Íssk. og þv.v. V.50þ. Sími: 849 8471

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 75 þ. Eldri en 25 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16

Nýuppgerð 4-5herb., 103fm íbúð í 105 til leigu. 11 tölvutenglar víðsvegar í íbúð.. tengd ljósleiðara eða adsl. 150þ + veitur 696 3692.

Til leigu 2 herb 62 m2 glæsil ný íb í einb í norðurbæ Hafn. Leigut eitt ár minnst. Sér inng. Leigist eing. barnl. reglus. einstakl. eða pari. Engin gæludýr. Reykl íbúð. Verð kr. 95þús.m/hita og rafm. Enginn hússj. S 822 1216. Laus 1. apr. Sjá myndir: http://abstrakt.is/leiga/default.htm

Lítil einstaklingsíbúð í Fossvogi til leigu. Laus 01.04.09. Uppl. í s. 898 3206.

APPARTMENT 4 RENT 90m2 ósamþ íbúð í Garðabæ, mikil lofthæð, V 95,000 -S 892 7858

R 109. Falleg 2-3 herb. kj. íbúð. Í rólegu og góðu hverfi. Reykleysi og reglusemi skilyrði. V. 78þús. S. 695 1790

2 herbergja Vesturberg 195 ,útsýni yfir all höfuðborgina 60 FM KR 80.000. 2 mánuðir fyrirfram langtímaleiga hundar og kettir velkomnir , leigist frá 1 April ,íbúðarhúsnæðið er ekki samþykkt þar að leiðandi fást ekki húsaleigubætur 896 0242 8 til 17.oo en ekki á öðrum tímum

Stúdíóíbúð Íbúð til leigu á svæði 104. Studio apartments for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Sér stúdíóíbúð til leigu. Á friðs. stað. Reglusemi áskilin. S. 847 7596. frá 16

Til leigu í Lindasmára 29 109fm jarðhæð 4 herb. 3 svefnherb. - leiga 130þ.

Lindasmári 35 93fm jarðhæð 3 herb. 2 svefnherb. - leiga 120þ.

Álfholt 28 Hfj 115fm. 3 herb. 2 svefnherb. - leiga 120þ.

Svör sendist FBL á smaar@frett.is merkt „leiga" fyrir 6 apríl.

## Húsnæði óskast

Herbergi óskast til leigu helst í gamla austurbænum. Uppl. í s. 849-5788 e.kl.14

Studio apartment oscar in Reykjavik for 60þ. a month. Phone 844 6821.

42ára kk óskar eftir stúdíó eða litlili 2 herb. íbúð frá 1 apríl. Langtímaleiga. S. 697 9640.

Óska eftir 3ja - 4a herb. íbúð í smárahverfi eða hvömmunum í kóp. frá 1 maí. S. 840 5405.

## Sumarbústaðir

BUSTADURIS

Eigendur sumarbústaða Nú er lag að leiga bústaðinn Skráning á www.bustadur.is

Óskum eftir 25-45 m2 sumarhúsi til flutnings. Símar 820-0782 og 822-9558.

## Atvinnuhúsnæði

ATH nýlegt 70 fm. Iðnaðrbil í Miðhrauni Grb Stór hurð WC. V. 80þús. Uppl. í s. 892 7858.

## Geymsluhúsnæði




**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

3 góðar og nýlegar orlofsíbúðir til leigu á Akureyri. Gisting f. 6-12 manns. Uppl. ibudir@visir.is eðs s. 893 7979

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Aukavinna - eldhús**
**erum að leita að duglegu fólki til starfa í uppvask og fleira. Ekki undir 20 ára.**
**Upplýsingar veitir Helga í síma 517 4300.**

**Starfsmaður í pökkun Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Óska eftir starfsmanni í pökkun. Ástundun og vinnusemi skilyrði. Umsóknir liggja fyrir á skrifstofu Búr, Bæjarflöt 2, 112 Rvk. Upplýsingar gefnar í síma 896 2836.**

**Símadaður**
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur. Nánar á www.raudatorgid.is.

**Fyrirsætur**
Sexychat.is vill kaupa hóflega djarfar myndir íslenzkra kvenna. Nánar á www.sexychat.is

Óskum eftir vönu starfsfólki á smurstuð og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í síma 618 0560.

## Atvinna óskast

Woman takes care of: cleaning houses, apartments and caring gardens. S. 892 6958.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




**OPIÐ HÚS HEYRNARHJÁLPAR**
**Breytt dagskrá í dag kl . 20.00. Ferðasaga frá Indlandi í máli og myndum. Tónmöskvi, rittúlkur, kaffitár!**
**Heyrnarhjálp**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000.**
**Opið þegar þér hentar**

**Upptökur á Sexychat.is**
Nú er hægt að hlusta á djarfar upptökur Rauða Torgsins á Sexychat.is.

**Símadömur á Sexychat.is**
Heitu dömurnar á Rauða Torginu birta myndir sínar á Sexychat.is.

**Fyrirsætur á Sexychat.is**
Sexychat.is vill kaupa svolítið djarfar myndir íslenzkra kvenna.

**Sexychat.is er leikvöllur**
Sexychat.is er leikvöllur fyrir djarfar íslenzkar konur og mennina sem vilja kynnast þeim.

**Dekur...**
Kona vill kynnast karlmanni með dekur í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535–9920 (kreditkort), augl. nr. 8370.


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


## Útboð

# Útboð

Húsfélagið Engihjalla 17 hyggst ráðast í viðgerðir og málun á suðurgafli hússins.

Áhugasamir vinsamlegast sendið inn upplýsingar á netfangið **vael@btnet.is fyrir 7.5.2009**

## Til sölu


**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**


## Fasteignir

# RAÐHÚS Í HVERAGERÐI



Til sölu 3ja íbúða raðhús í Hveragerði (Hveramörk 13-17) á fokheldisstigi. Húsin eru öll með bílskúr og stórum gluggum að aftan. Lofthæð í húsunum er hæst 4.8m í stofum og hjónaherbergi. Hvert bil er um 150 fm. og standa rétt við golfvöllinn við Hótel Örk. Stór garður er fyrir aftan húsin.

**Fyrstur kemur, fyrstur fær. Öll tilboð skoðuð. Möguleiki á 100% lánum.**
**Upplýsingar veitir Ólafur í síma 848-9446**

## Tilkynning

# ORKUSJÓÐUR

## *auglýsir rannsóknarstyrki 2009*

**Í 2. grein reglugerðar um Orkusjóð nr. 514/2003 eru tilgreindar eftirtaldar heimildir til styrkveitinga úr Orkusjóði:**

- að veita styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til rannsóknar og nýtingar orkulinda
- að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þ.m.t. til fræðslu og upplýsingastarfsemi
- að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni

**Við úthlutun styrkja 2009 verður sérstök áhersla lögð á:**

- hagkvæma orkunýtingu og orkusparnað
- innlenda orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar

## Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2009

Umsóknum skal skila til Orkusjóðs, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu sjóðsins og á *www.os.is.*

Frekari upplýsingar eru veittar í símum 569 6083 og 894 4280. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið *jbj@os.is.*

**ORKURÁÐ**

**RENÉ DESCARTES FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1596**

*„Þegar það er ekki í okkar valdi að fylgja sannleikanum ættum við að fylgja því sem er sennilegast.“*

***Descartes var franskur stærðfræðingur og heimspekingur. Hann er stundum kallaður „faðir nútímaheimspeki“ og „faðir nútímastærðfræði“.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. MARS ÁRIÐ 1889

## Eiffelturninn vígður

Þennan dag árið 1889 var Eiffelturninn í París vígður en hann var byggður á árunum 1887 til 1889. Turninn, sem er úr járni og stendur á bökkum árinnar Signu, er hæsta bygging í París og eitt af þekktustu kennileitum í heimi.

Turninn er nefndur eftir hönnuðinum Gustave Eiffel og er frægur ferðamannastaður. Hann er 324 metrar á hæð og vegur 7.300 tonn.

Um 200 milljónir manna hafa litast um í turninum síðan hann var vígður en enginn minnisvarði í heimi hefur verið heimsóttur af jafnmörgum. Margir leggja leið sína upp í topp en hægt er að ganga upp 1.660 þrep og þaðan þarf að taka lyftu á leiðarenda.

Í turninum eru tveir veitingastaðir, Altitude 95 á fyrstu hæð og Jules Verne á annarri hæð. Sá síðarnefndi er ætlaður heldri gestum.



**MERKISATBURÐIR**

**1863** Kona kýs í fyrsta sinn í bæjarstjórnarkosningum á Íslandi. Það er maddama Vilhelmína Lever á Akureyri.

**1905** Gull finnst við borun í Vatnsmýri við Öskjuhlíð í Reykjavík. Magnið er of lítið til að vera vinnanlegt.

**1966** Sovétríkin skjóta upp geimfarinu Luna 10 og koma því á sporbaug um tunglið.

**1979** Steingrímur Hermannsson tekur við formennsku í Framsóknarflokknum af Ólafi Jóhannessyni.

**1989** Línuhraðall, tæki til geislameðferðar vegna krabbameina, er tekinn í notkun á Landspítalanum.

**1991** Varsjárbandalagið er leyst upp.



†

*Maðurinn minn og faðir okkar,*

**Snorri Halldórsson**

Hvammi, Eyjafjarðarsveit,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 24. mars. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 2. apríl kl. 13.30.

**Guðlaug Helgadóttir og börn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Steindórsdóttir**

Vatnskoti 2, Þykkvabæ,

sem lést miðvikudaginn 25. mars, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarkirkju, laugardaginn 4. apríl, klukkan 14.00. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á orgelsjóð Þykkvabæjarkirkju.

**Gunnar Guðmundsson,**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**séra Bragi Benediktsson**

Kirkjuvöllum 7, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 24. mars. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 2. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Bergljót Sveinsdóttir**
**Sveinn Magnús Bragason** **Björk Gunnarsdóttir**
**Soffía Emelía Bragadóttir**
**Lilja Bragadóttir** **Michael Sigþórsson**
**Guðrún Björg Bragadóttir**
**Benedikt Bragason**
**Trausti Bragason**
**Sveinn Ómar, Bragi, Sigþór Gellir, Hrólfur og Benóný Orri.**



†

*Útför elskulegrar móður minnar, dóttur okkar, systur, mágkonu og frænku,*

**Jóhönnu Sigríðar Eyjólfsdóttur**

Andrésbrunni 3,

sem andaðist mánudaginn 23. mars, fer fram frá Langholtskirkju, fimmtudaginn 2. apríl kl. 13.00.

**Sigurður Ívar Sigurðsson**
**Kristjana I. Heiðdal** **Eyjólfur Högnason**
**Ásta Eyjólfsdóttir** **Þorgeir Ástvaldsson**
**Högni Eyjólfsson**
**og frændsystkini.**

**LILJA RÚRIKSDÓTTIR:** FYRSTI ÍSLENSKI DANSARINN Í JUILLIARD

# KOM ÁNÆGJULEGA Á ÓVART

Hin sautján ára Lilja Rúriksdóttir komst á dögunum inn í hinn virta Juilliard-listaháskóla í New York, fyrst íslenskra dansara. Lilja var ein af tólf stúlkum sem fengu inngöngu í listdansdeildina við skólann næsta skólaár en þúsundir sækja um á hverju ári. Lilja er að vonum himinlifandi með árangurinn en hún hefur verið búsett í New York síðastliðið ár.

„Ég fór á sumarnámsskeið í Joffrey Ballet School í New York síðastliðið sumar og þreytti í kjölfarið inntökupróf í skólann og komst inn. Þegar skólaárinu var að ljúka ákvað ég að fyrst ég væri nú stödd í New York yrði ég að reyna við Juilliard,“ segir Lilja sem bjóst alls ekki við að komast inn enda margir um hituna. Inntökuferlið er strangt og er skólinn með opnar prufur um alla Ameríku. Í New York einni stóðu prufurnar í fimm daga og fór heill dagur í þær hjá Lilju.

„Fjörutíu og sex þátttakendur þreyttu prófið sama dag og ég og byrjuðum við á balletttíma. Síðan færðum við okkur yfir í nútímadans og eftir það var fækkað niður í sextán í hópnum. Í kjölfarið átti hver og einn að sýna sóló. Eftir það var hópurinn skorinn niður í ellefu og loks fóru sex í viðtal, þar á meðal ég,“ segir Lilja.

Dansinn er líf hennar og yndi en hún byrjaði aðeins þriggja ára gömul í Ballettskóla Eddu Scheving og hóf svo nám við Listdansskóla Íslands níu ára. Hún hefur þó ekki síður gaman af bóklegu námi og er þar af leiðandi sérstaklega ánægð með að vera komin inn í Juilliard þar sem nemendur útskrifast með BA-gráðu að fjögurra ára námi loknu. „Námið verður án efa gott veganesti.“

Lilja býr sem stendur hjá íslenskri frænku sinni í New York sem hefur verið búsett þar síðastliðin þrjátíu ár. Í haust færir hún sig yfir á heimavist Juilliard en öllum nemendum er skylt að búa á henni fyrsta árið. „Það leggst bara vel í mig enda vistin mjög flott með útsýni yfir Hudson-ána. Það eina sem ég hef áhyggjur af eru skólagjöldin en þau eru svimandi há.“ En hvert skyldi Lilja stefna að námi loknu? „Ég vona að ég geti dansað en annars er framtíðin óráðin. Ég er opin fyrir öllu og ætla bara að nota næstu ár til að finna mig,“ segir hún hógvær.

vera@frettabladid.is



**SPENNANDI TÍMI FRAMUNDAN** Lilja ákvað að reyna við inntökupróf í Julliard þar sem hún var búsett í New York en bjóst alls ekki við að komast inn. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fyrstu einleikstónleikarnir

Óbótónleikar standa ekki til boða á hverjum degi en laugardaginn 4. apríl næstkomandi mun Matthías Birgir Nardeau halda sína fyrstu einleikstónleika í Salnum þar sem hann leikur listir sínar á umrætt hljóðfæri.

Tónleikarnir eru fyrstu opinberu einleikstónleikar Matthíasar á Íslandi síðan hann lauk námi árið 2006, ef frá eru taldir útskriftartónleikar hans frá Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem hann var með námsefnisskrá. Matthías hefur þó oft komið fram sem einleikari með ýmsum hljómsveitum og tónlistarhópum hér heima og erlendis.

Á efnisskránni eru verk frá Þýskalandi og Ítalíu. Þýsku verkin eru rómantísk eftir Schumann-hjónin, Robert og Clöru Schumann. Að sögn Matthíasar er hins vegar brugðið aðeins meira á leik í þeim ítölsku sem eru eftir Ponchielli og og Pasculli. Reynir þar meira á tækni og úthald. „Ég vildi reyna að velja ólík verk en hafa samt heildarsvip á tónleikunum. Á endanum ákvað ég að flytja verk frá tveimur löndum, Þýskalandi og Ítalíu,“ segir hann og bætir við: „Í raun má segja að þýsku verkin séu eins og lestur smásögu eða ljóðs en ítölsku verkin fremur eins og góð máltíð.“

Matthías hóf að leika á óbó tólf ára gamall og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2003. Sama ár hóf hann framhaldsnám við Conservatoire National de Region í París og lauk framhaldsprófi þaðan tveimur árum síðar og hlaut Premier Prix, eða fyrstu verðlaun við skólann. Var sú veiting einróma að áliti dómnefndarinnar. Veturinn 2005 til 2006 stundaði Matthías svo einkanám hjá tveimur óbóleikurum í París og hóf um haustið störf í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar gegnir hann nú stöðu uppfærslumanns og englahornsleikara.

Tónleikarnir hefjast í Salnum klukkan fimm á laugardaginn og píanóleikarinn sem leikur með Matthíasi er Anna Guðný Guðmundsdóttir.



**BYRJAÐI 12 ÁRA** Matthías hóf að leika á óbó 12 ára gamall. MYND/SALURINN

# Sameining kynnt

Kynningarfundur vegna fyrirhugaðrar sameiningar Grímseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar verður haldinn í kvöld klukkan 20.00 í Síðuskóla á Akureyri. Annar kynningarfundur verður svo haldinn í Grímsey laugardaginn 4. apríl næstkomandi klukkan 14.00 í Félagsheimilinu Múla.

Samstarfsnefnd um sameiningu Grímseyjarhrepps og Akureyrarkaupstaðar leggur til að samhliða alþingiskosningum 25. apríl 2009 fari fram almenn atkvæðagreiðsla um sameiningu sveitarfélaganna. Ef í báðum sveitarfélögum reynast fleiri kjósendur fylgjandi sameiningu en þeir sem eru andvígir, tekur sameiningin gildi þann 1. júní 2009.

Verði sameining Akureyrarkaupstaðar og Grímseyjarhrepps samþykkt, færi núverandi bæjarstjórn Akureyrar-kaupstaðar með stjórn hins sameinaða sveitarfélags til sveitarstjórnarkosninga árið 2010. Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps yrði samráðsnefnd fram að sveitarstjórnarkosningum 2010.



**GRÍMSEYJARHÖFN** Sameining Grímseyjar og Akureyrarkaupstaðar verður kynnt á fundi í kvöld.

# Safn SÍM stækkar

Í dag kl. 17.00 munu ellefu listamenn bætast í hóp þeirra 66 sem eiga disk í DVD-safni SÍM, Sambands íslenskra myndlistarmanna.

Þeir listamenn sem bætast í safnið að þessu sinni eru: Darri Lorenzen, Guðrún Vera Hjartardóttir, Guðjón Ketilsson, Hrafnhildur Arnardóttir, Hulda Stefánsdóttir, Ívar Valgarðsson, Jón Óskar, Kristleifur Björnsson, Sigurður Árni Sigurðsson, Svava Björnsdóttir, Unnar Örn Jónasson.

Listamaður mánaðarins hjá SÍM, Guðrún Einarsdóttir, sýnir einnig verk sín í sal SÍM hússins að Hafnarstræti 16 út apríl mánuð.



Guðrún Einarsdóttir, myndlistarmaður mánaðarins hjá SÍM, sýnir í verk sín í SÍM-húsinu í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

---



*Ástkær móðir okkar, dóttir, systir, mágkona, barnabarn og frænka,*

**Aldís Westergren,**

lést 21. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð. Sérstakar þakkir færum við Lögreglu, Landhelgisgæslu og Landsbjargarfólki fyrir ómetanlega hjálp. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Slysavarnarfélagið Landsbjörgu.

**Móeiður Una Ármannsdóttir**
**Hugrún Rafnsdóttir**
**Ásgeir Westergren**
**Pálína Sigurðardóttir**
**Aþena Mist Westergren**
**Björn Westergren**
**María Elísabet Laroco**
**frændsyskini og aðrir ástvinir.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Harry Sönderskov,**

lést á Sólvangi Hafnarfirði föstudaginn 27. mars.

**Gunnar Harrysson**
**Helgi S. Harrysson**
**Bjarki Már Gunnarsson**
**Sigríður Linda Kristjánsdóttir**
**Ástþór Helgason**
**Guðbjörg Helgadóttir**
**Árný Helgadóttir**
**Díana Alma Helgadóttir**
**Vera Helgadóttir**
**Ósk G. Hilmarsdóttir**
**Guðbjörg Hákonardóttir**
**Ólöf Karen Sveinsdóttir**
**Sveinn Snorri Sighvatsson**
**Hildur Erlingsdóttir**
**Viðar Ottó Brink**
**Stefán Jarl Martin**
**og langafabörn.**

---



*Okkar ástkæri sonur, bróðir, unnusti og vinur,*

**Kristinn Guðbjartsson**

Flétturima 33, Grafarvogi,

lést á heimili sínu laugardaginn 21. mars. Útförin fer fram í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 2. apríl kl. 13.00.

**María Baldursdóttir Guðbjartur J. Sigurðsson.**
**Grétar Örn Valdimarsson, Páll Valdimarsson,**
**Vilhjálmur Valdimarsson, Margrét Valdimarsdóttir,**
**María Ósk Guðbjartsdóttir, Alexander Aron Guðbjartsson,**
**Íris Ísberg.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ólafur Finnbjörnsson**

Bugðulæk 18, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 28. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ragnhildur G. Guðmundsdóttir**
**Laufey Guðmundsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**Helga Guðmundsdóttir**
**Haukur Garðarsson**
**Gylfi Georgsson**
**Brynjólfur N. Jónsson**
**Sigurður Einar Einarsson**
**barnabörn og langafabarn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Áslaug Jóna Ólsen Jóhannsdóttir,**

Kópavogsbraut 1a (áður Hlégerði 11), Kópavogi,

varð bráðkvödd á heimili sínu sunnudaginn 29. mars.

**Gréta Björk Jóhannesdóttir**
**Edda Ösp Jóhannesdóttir**
**Guðjón Reynir Jóhannesson**
**Kristján Jóhannesson**
**Helga Jóhannesdóttir**
**Þórhallur Frímannsson**
**Gyða Halldórsdóttir**
**Eyrún Jónsdóttir**
**Örn Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Jóhannesson**

bifvélavirki, Sóleyjarrima 7,
áður Bogahlíð 14,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 27. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Jörgen Pétur Lange Guðjónsson**
**Guðrún Erla Guðjónsdóttir**
**Ásta Björg Guðjónsdóttir**
**Jóhanna Helga Guðjónsdóttir**
**Ásta Steinsdóttir**
**Emil Örn Kristjánsson**
**Sigurður Björn Reynisson**
**Ragnar Marinó Kristjánsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim, sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar hjartkæra sonar, eiginmanns, föður, stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa*

**Hilmars Kristjánssonar**

veghefilsstjóra, Hrafnhólum 8, Reykjavík.

**Þuríður Benediktsdóttir Hjördís Óskarsdóttir**
**Jón Sverrir, Þuríður Kristín, Óskar, Jóhanna, Lárus, Kristján, Páll,**
**tengdabörn, afabörn, langafabörn og aðrir ástvinir.**

---



*Elskulegur faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Sigbjörnsson**

Melgerði 22, Reykjavík,

andaðist á Líknardeild Landakotsspítala að kvöldi föstudagsins 27. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ingi Kr. Stefánsson**
**Guðrún F. Stefánsdóttir**
**Jóhann Óli Hilmarsson**
**Valgerður J. Gunnarsdóttir**
**Bragi Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Guðrúnar Álfgeirsdóttur**

Veghúsum 31,

sem andaðist á Landspítalanum 14. mars sl. Útför hennar hefur farið fram.

**Olga Björk Guðmundsdóttir**
**Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Jóhanna Hjördís Guðmundsdóttir**
**Snorri Hreggviðsson**
**Sighvatur Bjarnason**
**Jóhannes Ragnar Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Halldór Viðar Pétursson**

bryti, Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis að Gullsmára 8, Kópavogi,

lést laugardaginn 21. mars. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 31. mars kl. 15.00.

**Vilhjálmur Örn Halldórsson**
**Kolbrún Halldórsdóttir**
**Elín Huld Halldórsdóttir**
**Sigrún Halla Halldórsdóttir**
**Pétur Már Halldórsson**
**Svanfríður Ásgeirsdóttir**
**Ágúst Pétursson**
**Gunnar Theodór Þorsteinsson**
**Sigurlína Margrét Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur hluttekningu og hlýhug í veikindum og við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, bróður og tengdasonar,*

**Jóns Þórs Gunnarssonar**

Skeljatanga 21, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimahlynningar LSH og Líknardeildar LSH í Kópavogi einnig læknunum Jakobi Jóhannssyni og Huldu Brá Magnadóttur.

**Hanna Arnardóttir**
**Hákon Jónsson**
**Aníta Sól Jónsdóttir**
**Gunnar Bragi Jónsson**
**Árni Gunnarsson**
**Solveig Sigríður Gunnarsdóttir**
**Jóna Garðarsdóttir**
**Sigríður Dórothea Árnadóttir**
**Jón Örn Loðmfjörð Arnarson**






# Fíllinn í Laugardalshöll



NOKKUR ORÐ
**Freyr Gígja Gunnarsson**



Sjálfstæðismenn sátu í skriftastólnum í Laugardalshöll um helgina. Þótt þeir séu sumir haldnir þeirri reginfirru að flokkurinn sé þjóðin þá biðu margir spenntir eftir því hvað kæmi út úr samkundunni eftir allt sem á undan er gengið. Enda búnir sitja í stjórn í átján ár. Einhverjir urðu nokkuð stoltir yfir syndaselunum sínum þegar einn af æðstuprestunum steig í pontu og flutti hjartnæma afsökunarbeiðni.

Sá ágæti maður hafði varla fyrr sleppt orðinu en bleiki fíllinn í stofunni fór að láta á sér kræla. Þessu sérstaka fyrirbæri er sú gjöf gefin að menn uppgötva ekki skemmdarverkin á innbúinu fyrr en löngu seinna. Og Sjálfstæðisflokknum þótti bleiki fíllinn per se svo flottur að þeir horfðu í stað þess að hlusta. Og þegar bleiki fíllinn hafði lokið sér af, hvatt samkunduna með velvöldum tónum úr lúðri sínum, þá áttuðu menn sig á því, einn af öðrum, að öll vinnan sem hafði verið lögð í þetta djásn heimilisins var fyrir bí. Fíllinn hafði svo sannarlega staðið undir nafni.

Sjálfstæðisflokkurinn hleypti fíl inn í postulínsbúð á laugardaginn, þeir leyfðu honum að valsa um í beinni útsendingu og þjóðin hlustaði á hvatningaróp flokksmanna, hlátrasköllin þegar glervasarnir og kristalsglösin brotnuðu, hvert á fætur öðru. Og þrátt fyrir að fíllinn hefði haldið því fram að hann væri ekki fíll heldur eitthvað annað og miklu stærra þá uppgötvaði maður, smátt og smátt, að Sjálfstæðisflokkurinn er eins og hver önnur fjölskylda í landinu. Þær hafa nefnilega allar, með einum eða öðrum hætti, glímt við bleika fílinn í stofunni.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

## - fyrri umsóknarfrestur til 1. apríl

### Námsbrautir á meistarastigi

- Nýtt • Fjölskyldumeðferð
- Nýtt • Málefni innflytjenda - einnig í boði fjarnámi

### Námsbrautir á grunnstigi

- Leiðsögunám á háskólastigi - einnig í boði í fjarnámi
- Gæðastjórnun
- Verkefnastjórnun – Leiðtogaþjálfun
- Mannauðsstjórnun - einnig í boði í fjarnámi
- Breytingastjórnun - LÁNSHÆFT NÁM
- Þjónustustjórnun - LÁNSHÆFT NÁM
- Þekkingarmiðuð þjónustustjórnun
- Stjórnun markaðsmála
- Nýtt • Kostnaðarstjórnun og greining
- Rekstrar- og viðskiptanám - einnig í boði í fjarnámi

**Námsfyrirkomulag hentar fyrir einstaklinga sem eru á vinnumarkaði eða í atvinnuleit.**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf, upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 5:30 - 8D - 10:30D | 12 |
| KNOWING | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50D - 8 | L |
| DUPLICITY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| ELEGY | kl. 5:50 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| BEVERLY CHIHUAHUA m/ísl tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50D | L |
| WATCHMEN | kl. 7D - 10D | 16 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | 7 |
| WATCHMEN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 | 16 |
| THE WRESTLER | kl. 8 | 14 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MALL COP LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 4 | L |
| WATCHMEN D | kl. 5.50 - 9 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 3.40 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 10.30 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FANBOYS | kl. 6 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 6 - 9 | 14 |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 10.20 | L |
| THE READER | kl. 8 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.10 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 5.50 | 12 |
| | | 14 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 6, 8 og 10 | L |
| DUPLICITY | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 6 - (650) | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |


# Úr Smáfuglum yfir í Rómeó


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**RÓMEÓ** Atli Óskar Fjalarsson leikur sjálfan Rómeó í leikritinu Rómeó og Júlía sem verður frumsýnt í kvöld.

„Ég hlakka rosalega til. Þetta verður örugglega alveg æðislegt,“ segir Atli Óskar Fjalarsson, sem leikur Rómeó í uppfærslu leikfélags Borgarholtsskóla á Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare.

Atli Óskar, sem lék í hinni margverðlaunuðu stuttmynd Smáfuglar eftir Rúnar Rúnarsson, hefur æft hlutverkið stíft síðustu sex vikur. „Þetta er bráðfyndin sýning þótt ég segi sjálfur frá. Það er mjög mikið af gríni en samt mikið af drama inn á milli eins og einkennir söguna. Við gerðum okkar eigin heim í kringum þetta þar sem allt getur gerst,“ segir hann. „Það er draumkenndur glamúr yfir sýningunni.“

Söguþráðurinn býður upp á sverðabardaga og fimleika auk þess sem fjögurra manna hljómsveit skólans leikur frumsamda tónlist. „Við fengum mann sem er búinn að starfa mikið við áhættuleik til að hjálpa okkur með skylmingaatriðin,“ segir Atli Óskar, sem hefur alveg sloppið við meiðsli. „Við skipulögðum atriðin mjög vel áður en við fórum að gera þau hratt.“

Atli, sem er sextán ára, hefur lítið leikið síðan hann steig fram á sjónarsviðið í Smáfuglum. Hann segir þá reynslu hafa verið frábæra. „Það var æðislegt að fá að taka þátt í svona mynd, sérstaklega vegna þess að hún fór svona langt og var margverðlaunuð.“

Leikstjóri Rómeó og Júlíu er Ágústa Skúladóttir og með hlutverk Júlíu fer Þuríður Davíðsdóttir. Verkið verður frumsýnt klukkan 20 í kvöld í Bæjarleikhúsi Mosfellsbæjar.

**- fb**

# Vorstemning á Nasa

**„Það var alveg troðfullt og mikið af erlendum blaðamönnum út af HönnunarMars, svo það hentaði vel að hafa þetta sem part af því,“ segir Guðmundur Jörundsson fatahönnunarnemi um sýningu annars árs nema við Listaháskóla Íslands á Nasa síðastliðið föstudagskvöld. Tíu nemendur sýndu hönnun sína fyrir fullu húsi á Nasa og virtust gestir kvöldsins kunna vel að meta afraksturinn.** alma@frettabladid.is


**ÁHERSLA Á AXLIRNAR** Aðsniðinn jakki með áberandi öxlum eftir Ýri Þrastardóttur naut sín vel á tískusýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Anna Rakel Róbertsdóttir tók sig vel út í sundbol eftir Ýri Þrastardóttur á sýningunni á Nasa.


Lisa Robertson, Birgitt Latchmann og Viktor Örn Guðlaugsson mættu á sýningu fatahönnunarnema.


Aðsniðið mittishátt pils við hvítan bol.


Frjálslegur toppur, sem hylur brjóstin, við svartar klassískar buxur.


Andrea Fanney Jónsdóttir og Magnea Einarsdóttir skemmtu sér vel á sýningu annars árs nema í fatahönnun.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 31. mars 2009**

### → Kvikmyndir

**20.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmyndina **„Beitiskipið“** (Potemkin) eftir leikstjórann **Sergei M. Eisenstein** í Bæjarbíói við Strandgötu 6, Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

### → Tónleikar

**12.15** **Björn Steinar Sólbergsson** organisti leikur rómantísk verk á hádegistónleikum í Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu í Hafnarfirðinum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** **Trúbatrixur** verða á Café Rósenberg við Klapparstíg 25. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** **Björg Þórsdóttir** sópran heldur tónleika í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Á efnisskránni eru m.a. lög eftir **Pál Ísólfsson**, **Berlioz** og **Verdi**. Tónleikarnir eru liður í útskriftatónleikum Tónlistardeildar LHÍ.

### → Fyrirlestrar

**12.05** **Sigurður Líndal** flytur erindið **„Andófið gegn Atlantshafsbandalaginu 30. marz“** í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

### → Síðustu Forvöð

**Inga Björk Harðardóttir** hefur opnað sýninguna **„Réttir“** á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, föst.-lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.

### → Bækur

**20.00** **Friðrik Rafnsson** bókmenntafræðingur og þýðandi verður með rabb í Alliance francaise við Tryggvagötu 8, um nýjustu bók **Milan Kundera**, **„Une Rencontre“**.

### → Hönnun Og Tíska

**Norræni tískutvíæringurinn** í Norræna húsinu við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á www.nordice.is

**12.15** **Eva Kruse** flytur erindið **„Tískuvika verður til.“** Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

**16.00** Tónleikar með hljómsveitinni **Mammut**.

### → Karíókí

**21.30** **Trúbadora karíókí** verður á Cafe Oliver við Laugaveg 20a þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að spreyta sig undir kassagítarleik **Ragga trúbadors**.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


**MONSTERS VS ALIENS** Teiknimyndin Monsters vs Aliens hitti rækilega í mark vestanhafs um síðustu helgi.

# Skrímslin slógu í gegn

**Teiknimyndin Monsters vs Aliens sló rækilega í gegn vestanhafs um síðustu helgi. Frumsýningarhelgi myndarinnar var sú besta hjá nokkurri mynd á árinu og námu aðsóknartekjurnar rúmum 58 milljónum dollara, eða um sjö milljörðum króna.**

**Eins og nafnið gefur til kynna fjallar myndin um skrímsli sem berjast við geimverur. Á meðal þeirra sem tala inn á myndina eru Reese Witherspoon, Seth Rogen og Kiefer Sutherland. Í öðru sæti á aðsóknarlistanum var The Haunting in Connecticut og í því þriðja var Knowing.**



LEIKLIST Úr sýningu Mindcamp í Borgó. MYND: MINDCAMP.

# Með breyttri rödd

**LEIKLIST**

**Þú ert hér eftir Mindcamp.**

Höfundar og flytjendur: Jón Atli Jónasson, Jón Páll Eyjólfsson og Hallur Ingólfsson.

Nýja sviðið - Borgarleikhús.

★★

Athyglisverð tilraun til að skoða okkar stöðu.

Því er haldið fram að snöggsoðin sýning Mindcamp í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur, Þú ert hér, sé fyrsta merki um að þetta aldna félag dragi samtímann hráan inn á sviðið og um leið hrapað að þeirri niðurstöðu að við séum á vegamótum. Samtímaleg umfjöllun hefur alla tíð verið á verkefnaskrá félagsins en með misskýrum hætti: Fló á skinni og Söngvaseiður eru vissulega ekki annað en hrein afþreying en víða í verkefnaskrá þess hefur mátt líta tilraunir til að takast á við samtímann, jafnvel í verkum eins og Þjóðníðingi Ibsens fyrir fáum árum.

Það voru höfundar að revíunum á vegum sjálfstæðra leikhúsfyrirtækja sem drógu samtímann inn á sviðið með beinum og oft of ljósum hætti. Þar fengu menn á baukinn leynt og ljóst. Tími þeirra stóð um nær fimmtíu ára skeið með hléum. Tilraun þeirra Jóns Atla, Jóns Páls og Halls Ingólfssonar til að sneiða að stöðunni í samfélaginu er raunar meira í átt við uppistand. Ef grannt er skoðað er sýningin röð eintala þar sem hver flytjandi á sína ræðu og sinn tón. Þær eru allar efnislega til hliðar eða ofan við ástandið, gera sér mat úr litlum örlagasögum, vísanir eru óbeinar og ekki sértækar. Það var helst óþægilegt að sitja fáum bekkjum frá forseta Íslands og heyra langa skopræðu í hans tóni sem Hallur flutti. Og Hallur var oftast meinfyndinn.

Allir reyndust þeir sviðsvanir og tökin á flutningnum voru fumlaus, öll framganga afslöppuð og yfir sýningunni var samstillt útlit, margskipt um gervi, þótt ræðurnar væru nokkuð eintóna hjá hverjum og einum. Framan af var margt fyndið og athugult og vekjandi en er á leið vantaði fjölbreytni. Átök voru engin og samspil helst í stússi kringum þann sem fékk spottið. Sumu var ofaukið, til dæmis flutningi á Space Oddity eftir Bowie og Visconti. Það meira en örlaði á heldur grunnhygginni vandlætingu yfir þeim sem fara í Kringlur og Smára án þess að hylltir væru þeir sem versla hjá kaupmanninum á horninu eða í lífrænu búðunum. En það lá í orðunum. Sem sagt keimur af fyrirlitningu á almenningi. Samfélagsleg gagnrýni reyndist sem sagt í höndum þeirra glóandi hnöttur sem ekki var hægt að taka á: sýningin lýsti frekar vonleysi, uppgjöf, letilegri óánægju sem var ekki greind, bara óljós tilfinning.

Þannig var sýningin minna markviss en til dæmis Iðnó-revían. Pólitískt leikhús er enda erfitt form og hver tilraun til að nálgast það á rétt á sér og er mikils virði svo leikhúsið frelsist frá uppdubbaðri skemmtun og verði meira en svæfandi samfélagsþáttur.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


# Börn og umhverfi

Námskeið fyrir ungmenni á 12. aldursári og eldri. Kennsla skiptist á 4 kvöld og fer fram í húsnæði Reykjavíkurdeildar Laugavegi 120. 5. hæð, kl. 17-20.

Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti sem varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysabætur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

**Næstu námskeið:**

Námskeið 1: 29. - 30. apríl og 4. - 5. maí
Námskeið 2: 6. - 7. og 11. - 12. maí
Námskeið 3: 13. - 14. og 18. - 19. maí
Námskeið 4: 20. - 22. og 25. - 26. maí
Námskeið 5: 27. - 28. maí og 1. - 2. júní
Námskeið 6: 3. - 4. og 8. - 9. júní

Námskeiðsgjald er kr. 7500. Innifalið: Námsgögn, hressing og skyndihjálparútbúnaður. Leiðbeinendur eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 545 0400 og ernal@redcross.is eða á heimasíðu okkar www.raudikrossinn.is/reykjavik

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild



WWW.BIFROST.IS



# Bankaleynd og skattaskjól – fyrirbæri fortíðarinnar?

**Málþing um skattarétt á Bifröst, fimmtudaginn 2. apríl, kl. 14 – 17.**

Sífellt fleiri ríki hafa nú látið undan þrýstingi um að veita erlendum skattyfirvöldum upplýsingar um viðskiptavini banka í löndum sínum. Þá berast reglulega fréttir, jafnt erlendar sem innlendar, um að sett séu spurningarmerki við ráðstafanir stórfyrirtækja á sviði skattamála. Eru þetta nornaveiðar eða eðlilegar kröfur um gagnsæi? Eru bankaleynd og skattaskjól ef til vill fyrirbæri sem brátt heyra fortíðinni til? Þessum spurningum og fleirum verður leitast við að svara á málþingi Háskólans á Bifröst, sem haldið verður **fimmtudaginn 2. apríl, kl. 14.00 – 17.00** í Hriflu á Bifröst.

Málþingið er öllum opið, aðgangur er ókeypis en þátttakendur eru beðnir um að skrá sig með tölvupósti á bifrost@bifrost.is.

**ÁVÖRP FLYTJA:**

**Ágúst Einarsson,** rektor Háskólans á Bifröst.

**Ingibjörg Ingvadóttir,** lektor við Háskólann á Bifröst.

**Indriði H. Þorláksson,** ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti.

**Skúli Eggert Þórðarson,** ríkisskattstjóri.

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir,** dósent við Háskólann á Bifröst.

**Fundarstjóri: Bryndís Hlöðversdóttir,** aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst.

ENNEMM / SÍA / NM37451

VIÐSKIPTADEILD | LAGADEILD | FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



# Mannréttindi í kreppu – hvað er fram undan?

**Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, miðvikudaginn 1. apríl kl. 20.00–22.00**

Fimmti fundurinn í fundaröðinni **„Verjum velferðina!“** sem haldinn er af Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp í aðdraganda Alþingiskosninga 2009.

**Frummælendur á fundinum eru:**
- Helgi Hjörvar, alþingismaður.
- Helga Baldvins- og Bjargardóttir, þroskaþjálfi.



**Til umræðu verður meðal annars:**
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.
- Hvert er innihald samningsins?
- Gagnast hann okkur á Íslandi núna?
- Hverju þarf að breyta til að hægt sé að fullgilda samninginn?
- Hvert verður framhaldið á fullgildingu samningsins?



**Pallborðsumræður að loknum framsögum.**
Þátttakendur í pallborði verða frummælendur ásamt fulltrúum annarra stjórnmálaflokka, Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Fundurinn er öllum opinn.
Táknmálstúlkar verða á staðnum og tónmöskvakerfi.

**Mætum öll!** ***Ekkert um okkur án okkar!***

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

## > Hausverkur fyrir KKÍ

Forráðamenn KKÍ standa frammi fyrir erfiðum vanda. Í fyrsta skipti frá árinu 2002 hefur úrslitaeinvígi í Íslandsmótinu farið í oddaleik. Það eru kvennalið Hauka og KR sem munu mætast í hreinum úrslitaleik kl. 19.15 á miðvikudaginn eins og staðan er núna. Á nákvæmlega sama tíma fer fram hinn gríðarlega mikilvægi landsleikur Skotlands og Íslands í knattspyrnu. KKÍ vill að leikurinn verði ekki á sama tíma og karlaleikirnir eru spilaðir. Þannig gengur ekki að spila í kvöld og vinni Snæfell er fimmtudagur einnig úr sögunni. Einnig væri hægt að færa leikinn yfir á miðvikudag en ekki hefur verið hljómgrunnur fyrir því. Þetta er leiðinleg staða og hætta á að úrslitaleikur tímabilsins í kvennakörfunni muni falla í skuggann af leiknum í Glasgow. Það er miður.



# sport

sport@frettabladid.is

FJÓRÐI LEIKUR SNÆFELLS OG GRINDAVÍKUR: PÁLL AXEL FER MEÐ OG ÚTILOKAR EKKI AÐ SPILA Í KVÖLD

# *Hólmurinn heillar mig ekkert sérstaklega*

Snæfell hélt lífi í seríunni gegn Grindavík með góðum sigri í Röstinni á laugardag. Staðan er því 2-1 fyrir Grindavík og liðin mætast í Hólminum í kvöld. Heimamenn enn með bakið upp við vegginn fræga en með sigri þvingar liðið fram oddaleik næsta fimmtudag.

Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson hefur fylgst með af hliðarlínunni það sem af er og hann vill gjarnan fara að komast í búning. „Það er aldrei að vita hvað sést í Hólminum núna,“ sagði Páll Axel dularfullur, spurður hvort hann muni taka þátt í leiknum. „Það er aldrei að vita nema ég skelli mér í búning, hiti upp og svona. Við sjáum svo bara til.“

Páll Axel segir það vera sérstaka reynslu að fylgjast með utan vallar en hann segist aldrei hafa misst af tveimur leikjum í röð á ferlinum. „Ég myndi sætta mig við þetta ef ég væri alltaf meiddur. Ég hef verið mjög heppinn og meiðst sjaldan og er kannski að taka þetta út núna,“ sagði Páll Axel sem hefði gjarnan viljað taka meiðslin út fyrr í vetur. „Þetta er náttúrulega frábær tími til að vera meiddur eða hitt þó heldur,“ sagði Páll Axel sem hlakkar ekkert til ferðarinnar í Hólminn.



„Það segir í einhverju lagi að Hólmurinn heilli. Ég get nú ekki sagt að hann heilli mig neitt sérstaklega með fullri virðingu fyrir annars fallegum bæ. Ég vil helst fara sem sjaldnast þangað,“ sagði Páll Axel.

„Hólmurinn á ekkert að heilla andstæðingana. Sérstaklega ekki menn eins og Pál Axel sem getur nánast drepið hvaða lið sem er með leik sínum,“ sagði Hlynur Bæringsson, þjálfari og leikmaður Snæfells, spurður um ummæli Páls Axels. Hlynur var ánægður með sitt lið á laugardaginn og vonast eftir meiru í kvöld.

„Ég vil ekki segja að það sé bara fjarveru Subasic að þakka að við rifum okkur upp en það var eitthvað léttara samt yfir okkur. Miklu meiri kraftur og gleði sem hefur vantað. Það er mikið sjálfstraust í liðinu núna,“ sagði Hlynur sem býst við hörkuleik í kvöld. „Þeir munu þurfa að spila mjög vel til þess að vinna okkur. Við eigum helling inni og langar ekkert í frí.“

Fabio Capello himinlifandi með Wayne Rooney:

# Rooney getur gert allt

**FÓTBOLTI** Hinn ítalski landsliðsþjálfari Englendinga, Fabio Capello, er hæstánægður með Wayne Rooney og segist aldrei hafa efast um að mörkin kæmu aftur hjá honum með landsliðinu.

Rooney skoraði ekki í fyrstu fimm landsleikjunum undir stjórn Capellos en skoraði tvö um helgina og hefur nú skorað sjö mörk í síðustu fjórum landsleikjum.

„Ég er mjög ánægður með það hvernig Wayne hefur spilað. Hann er allt öðruvísi leikmaður en hinir og spilar ævinlega vel fyrir landsliðið,“ sagði Ítalinn harði sem oftar en ekki er frekar spar á hrósyrðin.

„Ég var alltaf sannfærður um að hann myndi skora mörk fyrir okkur. Ég lagði honum aðeins línurnar með það hvernig hann ætti að hreyfa sig fyrir framan markið. Hann er alveg ofboðslega hæfileikaríkur leikmaður. Hann getur gert allt,“ sagði Capello með bros á vör.



**HEITUR** Rooney fagnar hér öðru marki sínu um helgina með David Beckham. NORDIC PHOTOS/AFP


Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

## Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**
**www.velaland.is**

Véland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND


# Tækifærið okkar er núna

**Pétur Pétursson aðstoðarlandsliðsþjálfari segir leikmenn íslenska landsliðsins meðvitaða um mikilvægi leiksins gegn Skotum á morgun. Leikurinn er einn sá mikilvægasti lengi. Það eru allir leikmenn klárir nema Emil Hallfreðsson.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið kom saman í Glasgow á sunnudag og undirbýr sig nú af kappi fyrir leikinn gegn Skotum sem fram fer á Hampden Park annað kvöld. Leikurinn er klárlega einn sá mikilvægasti sem íslenska landsliðið hefur leikið lengi.

Liðið er í öðru sæti síns riðils fyrir viðureignina og á góðan möguleika á að hreppa það sæti en liðið í öðru sæti riðilsins fer í umspil um laust sæti á HM 2010 í Suður-Afríku.

Ísland er í öðru sæti fyrir leikinn og Pétur Pétursson aðstoðarlandsliðsþjálfari segir ljóst að liðið muni reyna að verja það sæti annað kvöld.

„Til að byrja með yrðum við mjög ánægðir me‘ eitt stig. Ef tækifæri gefst til að vinna þá reynum við það að sjálfsögðu,“ sagði Pétur en hann segir menn vel meðvitaða um í hvaða stöðu liðið sé.

„Nú er tækifærið okkar. Við erum í öðru sæti og ég get ekki ímyndað mér annað en að strákarnir hugsi að tækifærið sé núna. Við megum samt ekki fara fram úr okkur og halda okkur á jörðinni. Hafa vara á. Staðan er samt góð fyrir þennan leik. Kalt mat er að það er tækifæri í þessum leik. Það þýðir líka að það þarf allt að ganga upp hjá okkur. Við þurfum heppni líka til þess að vinna leikinn,“ sagði Pétur sem sá leik Hollands og Skotlands síðasta laugardag.

„Það var fínt að sjá þann leik en það var alveg greinilegt í þeim leik að Skotarnir voru að hvíla menn fyrir leikinn gegn okkur. Þeir leggja augljóslega mun meiri áherslu á þann leik en leikinn gegn Hollendingum. Það stenst ekki að það séu um tíu menn meiddir hjá þeim fyrir leikinn gegn okkur,“ sagði Pétur sem fór til Amsterdam á laugardag ásamt Ólafi þjálfara.

Íslenska landsliðið náði æfingu á sunnudagskvöldinu og æfði svo tvisvar sinnum í gær. Það verður svo ein lokaæfing á Hampden Park í kvöld.

„Það eru allir heilir heilsu nema Emil Hallfreðsson. Hann er tognaður og ekki komið á hreint hvort hann geti spilað. Hann hefur verið með á æfingum en það eru samt svona helmingslíkur á því að hann spili leikinn,“ sagði Pétur sem sér eftir reynslumiklum mönnum á borð við Heiðar Helguson og Brynjar Björn Gunnarsson í þessum leik. „Það eru fjórir eða fimm leikmenn sem spiluðu fyrri leikinn gegn Skotum sem eru ekki með núna. Það skiptir máli. Mikilvægi leiksins er okkur samt ljóst. Holland spilar við Makedóníu á sama tíma og ég geri ráð fyrir að Holland vinni þann leik. Þá stendur eftir okkar leikur og þar er tækifærið fyrir hendi,“ sagði Pétur Pétursson.

henry@frettabladid.is



**MIKIÐ UNDIR Á MORGUN** Ísland getur, verði úrslitin hagstæð annað kvöld, komið sér í flotta stöðu í baráttunni um annað sætið. Aðstoðarþjálfarinn segir tækifærið vera fyrir hendi að gera góða hluti. MYND/MAGNÚS MÁR EINARSSON


# Aðalfundur

## Hestamannafélagsins Fáks

Aðalfundur Hestamannafélagsins Fáks verður haldinn 7. apríl nk. í félagsheimili Fáks. Fundurinn hefst kl. 20:00 og eru félagsmenn hvattir til að mæta.

**Dagskrá:**

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Kosning í stjórn
- Breytingar á lögum félagsins
- Heimild til stjórnar Fáks til að selja hesthúsið
- Önnur mál

Stjórn Hestamannafélagsins Fáks


Óli Stefán Flóventsson og Bjarki Guðmundsson sömdu við Vard Haugasund:

# Mjög kátur að þetta gekk allt upp

**FÓTBOLTI** „Dæmið með Floy gekk ekki upp og ég var eiginlega búinn að gefa þetta Noregsdæmi upp í kjölfarið þegar Haugasund kom í myndina. Þetta hefur allt gengið ótrúlega hratt fyrir sig og ég er farinn úr landi á miðvikudag ásamt fjölskyldunni,“ sagði varnarmaðurinn Óli Stefán Flóventsson.

Hann er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við norska 2. deildarliðið Vard Haugasund sem og markvörðurinn Bjarki Freyr Guðmundsson. Þeir félagar fóru með liðinu í æfingaferð til Tyrklands á dögunum og í kjölfarið var skrifað undir samninga.

„Við erum að pakka á fullu fjölskyldan enda förum við með Norrænu næsta miðvikudag. Það á eftir að gera mikið en þetta mun hafast,“ sagði Óli Stefán kátur en ferðin leggst vel í hann.

„Þetta er fallegur 80 þúsund manna bær á milli Bergen og Stavanger. Völlur liðsins er glæsilegur en hann tekur 8.000 manns í sæti. Hann er þess utan grasvöllur en ekki gervigras eins og víða í Noregi. Ég er sérstaklega kátur með það. Ég tel mig hafa lent hjá fínu liði og það er ekki verra að hafa Bjarka með mér,“ sagði Óli.

Floy gat ekki útvegað honum og konu hans vinnu og því fór sem fór. Það var aftur á móti ekkert vesen hjá Haugasund. Konan hans fer að vinna á leikskóla og sjálfur verður Óli að vinna á unglingageðdeild.

„Það hentar okkur vel. Konan mín er kennari og mitt starf hentar við mitt nám. Við erum afar ánægð með þetta,“ sagði Óli sem verður hálf-atvinnumaður í Noregi.

- hbg



**ÓLI STEFÁN** Spilar í Noregi næsta árið hið minnsta. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Snæfellingar taka á móti Grindavík í Fjárhúsinu í kvöld:

# Hafa aldrei tapað tvisvar heima í seríu

**KÖRFUBOLTI** Snæfell tekur á móti Grindavík í fjórða leik undanúrslita Iceland Express deildar karla í Stykkishólmi í kvöld. Snæfell vann síðasta leik liðanna og slapp við sumarfrí en þarf að vinna aftur í kvöld ætli liðið að tryggja sér oddaleik í Grindavík á fimmtudaginn.

Grindavík getur komist í lokaúrslitin í fyrsta sinn í sex ár með því að vinna leikinn í Fjárhúsinu í kvöld. KR-ingar bíða rólegir og fylgjast með hverjir koma til með að mæta þeim í lokaúrslitunum.

Grindavík vann þriggja stiga sigur, 81-84, þegar liðin áttust síðast við í Hólminum og getur í kvöld orðið fyrsta liðið í sögu úrvalsdeildar karla til þess að vinna tvisvar í Stykkishólmi í sama einvígi. Þetta er fimmtánda einvígi Snæfells í úrslitakeppninni og liðið hefur unnið 15 af 23 heimaleikjum sínum í úrslitakeppninni.

Snæfellingar hafa líka aðeins tvisvar sinnum verið slegnir út úr úrslitakeppni í Fjárhúsinu, fyrst á móti Njarðvík í 8 liða úrslitum 1999 og svo töpuðu þeir fjórða leiknum á móti Keflavík í lokaúrslitum Íslandsmótsins 2005.

Grindvíkingar geta sótt í þá reynslu því nokkrir leikmanna þessara liða eru með þeim í kvöld. Árið 1999 voru þeir Brenton Birmingham, Páll Kristinsson og Friðrik Ragnarsson (núverandi þjálfari Grindavíkur) allir með Njarðvík og árið 2005 voru þeir Nick Bradford og Arnar Freyr Jónsson með Keflavíkurliðinu. Þessir kappar vita því hvað það er að klára Snæfellsliðið á þeirra eigin heimavelli. **- óój**



**SUMARFRÍ EÐA ODDALEIKUR?** Hlynur Bæringsson annar þjálfar Snæfells.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





# Fótboltaferðir á frábæru verði!

## Meistaradeildin

**Man. Utd.**
**Porto**
6.-8. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
**87.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

**Liverpool**
**Chelsea**
6.-9. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
**97.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 3 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

**Chelsea**
**Liverpool**
14.-16. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
**97.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

**Arsenal**
**Villareal**
14.-16. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
**87.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

## FA bikarinn á Wembley

**Arsenal**
**Chelsea**
17.-19. apríl
Verð á mann í tvíbýli:
**89.900 kr.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og Club level-miði á leikinn.

Nánari upplýsingar á **expressferdir.is**
eða í síma **5 900 100**

**Express ferðir**
*Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express*

## > Matt Lucas

„Húmor er persónubundinn og fólk hefur mjög sterkar skoðanir á því hvað sé fyndið. Það er því vonlaust að reyna að þóknast öllum á þessu sviði.“ Lucas, ásamt félaga sínum David Williams, bregður sér í hlutverk alls kyns furðufugla í gamanþættinum Little Britain USA sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON HORFIR Á NÁTTÚRULÍF Á SKJÁNUM

# *Baneitruð eiturlyf eða íslenskt framtak?*



Fréttatímar undanfarna mánuði hafa einkennst svo mikið af kreppufréttum að smáfólkið á heimilinu hefur misst allan áhuga á þeim. Hasarfrétt um ræktun á kannabisplöntum í íslenskum gróðurhúsum vakti því mikla athygli míns unga sonar. Áhyggjur hans stöfuðu aðallega af því að fréttamenn fengu að ganga um „marijúanaekruna“ eins og í bestu glæponamynd í fylgd lögreglumanna og koma við laufin með berum höndum. „Deyja þeir ekki ef þeir snerta þetta?“ spurði hann áhyggjufullur því að í hans augum þýðir orðið eiturlyf auðvitað eitthvað baneitrað, svona eins og lyf sem maður ætti að taka ef maður vill drepast samstundis. (Reyndar trúir hann því sama upp á sígarettur því á þeim standur jú skýrum stöfum að „reykingar drepa“). Móðirin umlaði einhverja útskýringu um að kannabis væri eins og sígarettur nema mun óhollara og gerði víst fólk dáldið ruglað í hausnum og værðarlegt. „Svona eins og vín þá?“ spurði sá stutti og móðirin gat lítið sagt nema að jánka því á meðan hún hugsaði annars vegar til þess ofbeldis og slagsmála sem oft fylgja áfengissýki en hins vegar um friðsama, lata og ruglaða hasshippa angandi af reykelsi og marijúanaplöntum. Ég býst við að fleirum en mér sjálfri hafi fundist fréttin dálítið skondin í ljósi þess að það er verið að hvetja fólk til að kaupa íslenskt og lýsa eftir frumkvöðlum. Minna skondið var að hugsa til þess að Ísland væri hrunið, hundruð milljóna gufaðar upp en yfirvöld setja í forgang að þefa uppi marijúanaplöntur í sveitum landsins.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ 19.05 Snæfell – Grindavík, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ 19.30 Káta maskínan SKJÁREINN



▶ 20.30 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ 22.00 Ashes to Ashes STÖÐ 2



▶ 22.20 Tvíeykið (Dalziel & Pascoe V) SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bjargvætturin** (23:26)
**17.55 Lítil prinsessa** (10:15)
**18.05 Þessir grallaraspóar** (6:10)
**18.10 Skólahreysti** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

**20.55 Bleika gullið** (Uppdrag granskning: Rosa guldet) Sænskur fréttaskýringaþáttur um laxeldi og hvaðan fóðrið til þess kemur, meðal annars úr makríl veiddum á Íslandsmiðum.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.20 Tvíeykið** (Dalziel & Pascoe V) (4:8) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál. Aðalhlutverk leika Warren Clarke og Colin Buchanan.

**23.10 Víkingasveitin** (Ultimate Force) (2:6) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. Aðalhlutverk leika Ross Kemp, Miles Anderson, Liam Garrigan, Christopher Fox og Heather Peace. (e)

**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Cars**
**10.00 The Californians**
**12.00 Waitress**
**14.00 Lake House**
**16.00 Cars**
**18.00 The Californians**

**20.00 Waitress** Rómantísk gamanmynd um þjónustustúlkuna Jennu sem er föst í óhamingjusömu hjónabandi en lifir í þeirri von að hún muni getað skotið saman nægu þjórfé til að geta hafið nýtt líf.

**22.00 I‘ts a Boy Girl Thing**
**00.00 Munich**
**02.40 The Woodsman**
**04.05 I‘ts a Boy Girl Thing**
**06.00 So I Married an Axe Murderer**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin

**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (284:300)
**10.15 Sisters** (17:28)
**11.05 Cold Case** (7:23)
**11.50 Life Begins** (4:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (157:260)
**13.25 Bee Season**
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Tutenstein**
**16.05 Ben 10**
**16.28 Stuðboltastelpurnar**
**16.53 Dynkur smáeðla**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (9:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (6:20)
**20.00 Worst Week** (15:15)
**20.25 How I Met Your Mother** (12:20)

**20.50 Little Britain USA** (4:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum.

**21.15 Bones** (4:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.

▶**22.00 Ashes to Ashes** (3:8) Lögreglukonan Alex Drake fer aftur til ársins 1981. Þar hittir hún aðalvarðstjórann harðgerða og hortuga Gene Hunt. Unnendur Life on Mars, enska húmorsins, góðra breskra spennuþátta og ekki hvað síst eitístímabilsins mega ekki láta þessa þætti framhjá sér fara.

**22.55 The Daily Show. Global Edition**
**23.20 Auddi og Sveppi**
**23.50 Grey‘s Anatomy** (17:24)
**00.35 Fringe** (12:21)
**01.25 Dirty**
**03.05 Bee Season**
**04.50 Bones** (4:26)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**16.40 Grindavík - Snæfell** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

**18.10 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram á Edward Jones Dome leikvanginum í St. Louis.

▶**19.05 Snæfell - Grindavík** Bein útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

**21.00 Atvinnumennirnir okkar** Eiður Smári Guðjohnsen leikmaður Barcelona, sýnir áhorfendum á sér nýjar hliðar. Fylgst verður meðal annars með undirbúningi fyrir leik Barcelona og Real Madrid.

**21.35 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**22.05 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**23.00 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**23.25 Snæfell - Grindavík** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

## SPORT 2 enski boltinn

**18.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.00 PL Classic Matches** Chelsea - Arsenal, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.30 PL Classic Matches** Everton - Liverpool, 2003.

**20.00 Portsmouth - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.40 Hull - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.20 PL Classic Matches** Leeds - Newcastle, 1999.

**23.50 Chelsea - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.20 Rachael Ray**
**18.05 Spjallið með Sölva** (6:12) (e)

**19.05 The Game** (2:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

▶**19.30 Káta maskínan** (9:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins. Meðal efnis þáttarins í kvöld er hið mennska dýr í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Vatnajökull og veðurþolin húsgögn við Laugaveg og Ólafur Elíasson í Limbólandi.

**20.00 The Biggest Loser** (10:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Liðin fá óvæntar fréttir því nú á að stokka spilin upp á nýtt.

**21.00 Nýtt útlit** (3:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.

**21.50 The Cleaner** (4:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum vanans. Stærðfræðikennari notar kókaín til að hjálpa sér að leysa stærðfræðiþraut sem er að gera hann brjálaðan. Kærasta hans er að gefast upp og fær William til að bjarga málunum en hann á sjálfur í vandræðum heima fyrir.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI** (11:24) (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Pólitískt hringborð um efnahagsmálin.

**21.00 Borgarlíf** Þáttur um borgarmál í umsjón Mörtu Guðjónsdóttur.

**21.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




410 4000 | landsbankinn.is

117 / HOLTAGARÐAR

Agnieszka vann áður í banka í Póllandi. Hún og 18 aðrir taka vel á móti þér í Holtagörðum.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu í Holtagörðum eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.25
### How I Met Your Mother

How I Met Your Mother er talin sú gamanþáttaröð sem best hefur fyllt það skarð sem Friends skildi eftir sig. Hér eru á ferðinni þættir sem eru fyndnir, ferskir og sneisafullir af rómantík. Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í rauninni er.

## VIÐ MÆLUM MEÐ
### Nýtt útlit
### SkjárEinn kl. 21.00

Í þættinum Nýtt útlit í kvöld hjálpar Karl Berndsen 21 árs stelpu sem vinnur á verkstæði sem nemi í bílaréttingum og er að læra bifreiðasmíði í Borgarholtsskóla. Hún er nær alltaf í skítuga vinnugallanum og dreymir um að verða stelpulegri. Kalli hjálpar henni að finna sinn stíl og kennir henni að kaupa réttu fötin enda veit Kalli hvað hann syngur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Hver var Theodora Thoroddsen?
**15.00** Fréttir
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Paul Desmond og Jim Hall kvartett-inn leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**23.05** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (156:260)
**16.30 Hollyoaks** (157:260)
**17.00 Seinfeld** (11:22)
**17.30 Ally McBeal** (18:24)
**18.15 The O.C.** (15:27)
**19.00 Hollyoaks** (156:260)
**19.30 Hollyoaks** (157:260)
**20.00 Seinfeld** (11:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.
▶ **20.30 Ally McBeal** (18:24) Ally ver mann sem er sakaður um að hafa myrt konu sína með því að skera af henni höndina. Billy og Georgia eru fulltrúar sölumanns sem missir vinnuna vegna þess hversu illa hann faldi skallann á sér.
**21.15 The O.C.** (15:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.
**22.00 New Amsterdam** (2:8) Dularfullur spennuþáttur með óvenjulegri fléttu um hinn ódauðlega John Amsterdam sem í hartnær 400 ár hefur lifað í líkama 35 ára gamals manns. Hann starfar sem lögreglumaður í New York og gjörþekkir orðið huga glæpamanna.
**22.45 Weeds** (5:15)
**23.15 Auddi og Sveppi**
**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.15** Dalziel and Pascoe **11.05** Dalziel and Pascoe **11.50** My Hero **12.20** The Weakest Link **13.05** EastEnders **13.35** My Hero **14.05** Blackadder Goes Forth **14.35** The Weakest Link **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Hustle **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** Hustle

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet med Vejret **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** SPAM - Din digitale medieguide **14.30** Braceface **14.50** Daffy på flugt **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Mission. Baby **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Lewis **21.35** Sager der nager

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Livet i Fagervik **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboene løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Smaken av Danmark **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Frenzy **23.10** Mat i faresonen

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Bergen - Kirkenes t/r **10.35** I trädgården med Camilla Plum **11.05** Direktörens dilemma **11.40** Ombyte av tåg **13.10** Europa - en naturhistoria **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Packat & klart **15.25** Flyttlasset går **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Andra Avenyn **19.45** High Crimes **21.40** Kulturnyheterna **21.55** Sommer **22.55** Sändningar från SVT24





Iðnnám
... nema hvað?

Iðnnám veitir þér aðgang að skemmtilegu, skapandi og vel launuðu starfi og gefur þér kost á háskólanámi. Iðnnám skapar þér óteljandi möguleika.

Kíktu á framboðið á www.idan.is/nam-og-storf
– þar eru yfir 60 námsgreinar í boði.

SI
Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0899

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta aðallega á rólegan djass, Nouvelle Vague, Koop, Reginu Spector, Edith Piaf og diskasamansafn sem heitir Nordic Lounge.“*

Katla Hreiðarsdóttir, fatahönnuður og eigandi Volcano Design.



**LÁRÉTT**
**2.** ljúka við, **6.** pot, **8.** máleining, **9.** pili, **11.** samtök, **12.** fáni, **14.** vandræði, **16.** átt, **17.** yfirgaf, **18.** óvild, **20.** á fæti, **21.** kvk nafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grasþökur, **3.** skst., **4.** veiðarfæri, **5.** skel, **7.** andsvar, **10.** gilding, **13.** gifti, **15.** mannvíg, **16.** gerast, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** enda, **6.** ot, **8.** orð, **9.** rim, **11.** aa, **12.** flagg, **14.** stand, **16.** sv, **17.** fór, **18.** kal, **20.** tá, **21.** erla.

**LÓÐRÉTT:** 1. torf, 3. no, 4. dragnót, 5. aða, 7. tilsvar, 10. mat, 13. gaf, 15. dráp, 16. ske, 19. ll.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. 58,1 prósent.
2. Skessuhorni.
3. Hildur Björnsdóttir.


Er HREINT hjá þér?
Lækkaðu ræstingarkostnaðinn!
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is



íslensk hönnun og handverk





fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is


# Idol-lærlingar Einars Bárðar dottnir út

„Já, þetta er rétt, enginn af mínum nemendum er eftir,“ segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands. Einar hélt sérstök Idol-námskeið áður en inntökuprófin fyrir þennan vinsæla sjónvarpsþátt voru haldin á Nordica. Þar gátu áhugasamir keppendur fræðst um hina og þessa taktík sem nauðsynlegt væri að hafa á takteinum til að komast í gegnum síuna.

En þegar Georg Alexender lauk keppni á föstudag höfðu lærlingar Einars hins vegar sungið sitt síðasta í sjónvarpinu og keppninni. „Mér sýndist hann vera eitthvað hálfveikur karlinn og það var leiðinlegt að missa hann úr keppninni, hann var virkilega skemmtilegur keppandi,“ segir Einar sem tekur þessa staðreynd ekkert of nærri sér. „Alls ekki, námskeiðið var ekki um hvernig ætti að vinna keppnina heldur hvernig ætti að komast í gegnum inntökuprófin. Ef ég hefði þurft að halda í höndina á krökkunum alla leiðina að tveimur milljónunum þá hefði verðskráin verið í ætt við 2007.“

Annar keppandi sem sótti námskeið hjá Einari en komst ekki í Smáralindina var Davíð Þór Sveinsson. Hann söng í undanúrslitum í Íslensku óperunni en hlaut hvorki náði fyrir augum almennings né dómnefndarinnar. Þriðji keppandinn sem sótti námskeið hjá Einari en gerðist aldrei svo frægur að syngja í sjónvarpinu var Arnar Jónsson og umboðsmaðurinn viðurkennir að hann hafi eiginlega séð mest eftir honum. „Hann valdi Eurovisionið fram yfir Idolið en ég held að hann hefði getað unnið þetta.“ **- fgg**



**SAMAN HJÁ EINARI** Bæði Arnar Jónsson og Georg Alexander sóttu Idol-námskeið Einars Bárðarsonar. Þeir hafa nú báðir lokið keppni.

ANDRI GEIRSSON: 140 ÞÚSUND ÍSLENDINGAR HORFÐU Í FYRRA

# Söngkeppni framhaldsskólanna of dýr fyrir RÚV

RÚV mun ekki sýna beint frá söngkeppni framhaldsskólanna í ár. Að sögn Þórhalls Gunnarssonar, dagskrárstjóra RÚV, er þetta einfaldlega hluti af þeim niðurskurðaraðgerðum sem Sjónvarpið þurfti að grípa til í ár. „Við tökum auðvitað upp þráðinn á næsta ári en þetta er því miður eitthvað sem við ráðum ekki við eins og málin standa í dag.“ Þórhallur bætir því við að þeir séu að skoða hvort hægt sé að taka upp efni í kringum keppnina og senda út síðar en engin ákvörðun hafi verið tekin um það.

Ómar Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra framhaldsskólanema, segir þetta slæm tíðindi. „Að sjálfsögðu, söngkeppnin er ekkert síður vinsæl en Gettu betur og þetta hefur verið vinsælt sjónvarpsefni undanfarin ár. Okkur finnst þetta alveg hrikalega slæmt, ekki bara fyrir framhaldsskólanemendurna heldur líka fyrir þá fjölmörgu sem hafa haft gaman af þessari keppni,“ segir Ómar. „Mér finnst að RÚV ætti að sinna innlendum atburðum á borð við þennan því þetta er fínt krydd á móti þessum heimildarmyndum um rottur frá Finnlandi.“

Viðburðafyrirtækið AM Events hefur séð um skipulagningu söngkeppninnar fyrir framhaldsskólana. Andri Geirsson hjá AM segir það sorglegt að RÚV verði ekki á staðnum. „Samkvæmt síðustu mælingu Capacent Gallup þá horfðu í kringum hundrað og fjörutíu þúsund á keppnina í fyrra,“ segir Andri og viðurkennir að keppnin sé hálf landlaus því Stöð 2 hafi heldur ekki treyst sér til þess að sýna frá keppninni beint. Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, staðfesti það. „Fyrirvarinn var bara einfaldlega of stuttur og verðmiðinn of hár,“ segir Pálmi. Ekki mun hafa verið rætt við Skjá einn.

Og það virðist nokkur ólga í kringum söngkeppnina í ár því nýverið var stofnuð Facebook-síða þar sem skorað var á skipuleggjendur að stytta ekki lögin niður í 90 sekúndur. Einhverjir hafa jafnvel hótað því að draga sig úr keppni ef þetta verður að veruleika.

Andri segir að upphaflega hafi þetta verið gert til að koma til móts við Stöð 2 þegar skipuleggjendur keppninnar voru í samningaviðræðum við þá. „En þegar ljóst er að keppnin verður ekki sýnd þar þá sjáum við ekkert því til fyrirstöðu að lengja lögin aftur í tvær og hálfa mínútu eins og verið hefur undanfarin ár.“

freyrgigja@frettabladid.is



### SIGURVEGARI SÍÐASTA ÁRS

**Sigurður Þór Óskarsson** úr Versló söng sig inn í hug og hjörtu landsmanna í fyrra með lagi Damien Rice, The Professor. Sigurvegarinn í ár verður ekki krýndur í beinni útsendingu eins og hefð hefur verið fyrir því hvorki RÚV né Stöð 2 treystu sér til þess að taka keppnina upp á sína arma. **Þórhallur Gunnarsson** dagskrárstjóri Sjónvarps segir söngkeppnina einfaldlega hafa lent undir niðurskurðarhnífnum. Fjölmargir þekktir tónlistarmenn hafa stigið sín fyrstu skref í keppninni, til að mynda **Emilíana Torrini**, **Margrét Eir**, **Guðrún Árný** og **Sverrir Bergmann**.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hópur listaspíra úr 101 Reykjavík skipar utandeildarliðið KF Mjöðm sem hittist einu sinni í viku og spilar fótbolta. Í hópnum eru **Jörundur Ragnarsson** leikari, Örvar Þóreyjarson Smárason úr múm, Sindri Már Sigfússon úr Seabear, Davíð Örn Halldórsson listmálari og fleiri valinkunnir einstaklingar. Liðið hefur þverneitað að tjá sig við fjölmiðla fyrr en það vinnur sinn fyrsta leik, sem óvíst er hvenær verður. Síðasta sumar spilaði KF Mjöðm tíu leiki og þar af tapaði það níu leikjum en einn endaði með jafntefli. Liðið endaði neðst í sínum riðli og fékk á sig flest mörk allra, eða 46 talsins.



Árshátíð Stangveiðifélags Reykjavíkur hefur löngum verið ein flottasta veislan í bænum. Enda hafa þangað safnast málsmetandi menn á borð við Ingva Hrafn, sjónvarpsstjóra ÍNN, og **Bubba Morthens**. En kreppan hefur skotið niður rótum í herbúðum stangveiðifélagsins eins og víðar og því hefur árshátíðin verið blásin af. Á vef félagsins kemur fram að meiri áhersla verði lögð á sjötíu ára afmælið sem félagið á um miðjan maí.



Mynd Egils Eðvarðssonar, Sveitapiltsins draumur, þar sem fjallað er um pílagrímsför Hljóma og tæplega hundrað Íslendinga á bítlaslóðir í Liverpool verður sýnd fyrir páska í Ríkissjónvarpinu. Áður verður myndin forsýnd í Listasafninu, gamla Glaumbæ, eða 8. apríl. Þar verður ýmislegt sér til gamans gert auk þess sem sérstaklega verður skálað fyrir útvarpsfólkinu Óla Palla og **Andreu Jóns,** en samanlagt eiga þau hundrað ára afmæli um þessar mundir. Óli Palli fór einmitt til Liverpool og vann gagnmerkan útvarpsþátt um þá för.



**- fb, fgg, jbg**

# Mannlíf frestast vegna viðkvæms forsíðuefnis

„Nei, það er vont að tala um hvað verður á forsíðunni svona löngu áður en blaðið kemur. Við erum þjófhræddir. Við frestuðum útgáfu blaðsins um viku vegna þess hversu viðkvæmt þetta efni er,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs.

Tímaritið Mannlíf var sett í salt um síðustu áramót en hefur verið endurvakið og er það í raun ritstjórn DV sem sér um tímaritið auk nokkurra lausapenna. Feðgarnir Reynir og Jón Trausti eru ritstjórar en aðstoðarritstjórar þeir Þórarinn Þórarinsson og Brynjólfur Guðmundsson. Blaðið fer í dreifingu til áskrifenda annan miðvikudag en fer í verslanir eftir um tíu daga. „Við höfum notað tímann sem gafst eftir að mánudagsblað DV var lagt af. Enginn fastakostnaður er á blaðinu en það eru starfsmenn DV auk annarra starfsmanna Birtings sem leggja til efni. Það er ekki full vinna að gefa út,“ segir Reynir. Hann lýsir því að útgáfan hafi verið mjög erfið undanfarin tvö ár og Mannlíf hafi verið rekið með tapi. Reynir segir jafnframt það ekki fullt starf að ritstýra tímariti sem komi út nokkrum sinnum á ári. Til stendur að gefa Mannlíf út eftir því hvernig stemningin er og svo eru einhverjir fastir liðir sem kalli á útgáfu: Gaddakylfublaðið með glæpasögum komi út næst, tekjublað í ágúst og svo sjá menn til. Tímaritið verður meira í ætt við Mannlíf ársins 2006 en það var í ritstjórn Sigurjóns M. Egilssonar undir það síðasta. „Þessi tilraun með að gera fréttamagasín er fullreynd. Hún stóð í tvö ár og ekki með góðum árangri. Þetta er nýtt blað, metnaðarfullt verkefni, og hefur Jón Óskar verið vakinn og sofinn í tvo mánuði við að endurteikna blaðið,“ segir Reynir sem nú titlast ritstjóri Mannlífs þriðja sinni. **- jbg**



**REYNIR TRAUSTASON** Segir tilraun með útgáfu fréttamagasíns fullreynda en útgáfa Mannlífs undanfarin ár var rekin með miklu tapi.

# LAGER HREINSUN!

## allt að 50% afsláttur

**VAXTALAUSIR LAGERHREINSUNARDAGAR!!**

30% afsláttur af fjölþjálfum og hlaupabrautum

Allt að 50% afsláttur af handlóðum og lóðaplötum




**GAP**

**WWW.GAP.IS**

**FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7**

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 11-15

Allt að 6 mánaða
vaxtalausar raðgreiðslur
í boði á þrektækjum

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 02
Lyfja Lágmúla


**BAKÞANKAR**
**Páls Baldvins Baldvinssonar**



## *Leiðtogar lífsins*

Þar sem mörgum reynist Kristur dálítið dauflegur nú á tímum, þótt þessar vikur sé þúsundum barna vísað í faðm kirkjunnar sem telur sig helsta umboðsmann heilags anda og sonar hans hér um slóðir, er framboð á leiðtogum í lífinu nóg, undur í ekki stærra samfélagi. Hugmyndin um hina sterku og hrífandi leiðtoga hefur enda náð mestri fótfestu í samfélögum þar sem hugmyndir skortir.

**ÞANNIG** var það gjarnan í fasistaríkjunum: frek hugmyndafræði og yfirgangssöm féll í góðan jarðveg sem var rýr að öðrum gildum og nothæfum hugmyndum. Við erum ekki beint að kafna úr góðum hugmyndum þessi dægrin. Sterkar líkur eru á að hugmyndaríkog vel orðuð lög okkar séu svo götótt að snjallir þjófar með aðstoð lögfræðinga sinna hafi um hábjartan dag rænt stóran hluta fjármagnseigenda stórum hluta fjárins, bæði í bréfum og seðlum. Er nema von að aðalbankastjóranum hafi dottið í hug í fullri alvöru sú allsgáða hugmynd að að gera allt þjóðfélagið að þjófafélagi á alþjóðavettvangi.

**LITLA** þjóðfélagið Þörf skortir nú nýjan tilgang í lífinu, rétt eins og ræningjana forðum, þá Kasper, Jesper og Jónatan, arðvænleg störf. Helst við framleiðslu vöru sem selja má fyrir valútu. Hugmyndir eru vel þegnar: einhver vill fara að hreinrækta ull í öðrum sauðalitum en hvítum og koma fornum litstofnum ullarinnar íslensku í vernd, jafnvel takast á við það verkefni að vinna hina fornu skiptingu ullarinnar í mjúkt og hart, þel og tog, í band fyrir heiminn sem vantar bæði sokka og peysur. Annar vill nota afla sjávar í annað og merkilegra en húsdýrafóður, haus, fisk og slóg og selja heiminum svo hraðfrystan fisk að hann spriklar enn þá hann er þýddur.

**ÞINGHEIMUR** hló þegar eitthvert fíflið hélt því fram að enn mætti lesa grös og vinna úr blómknúppum þótt stór hluti heimsins haldi sig enn við þá iðju og selji okkur fjarlægan ilm sem við notum spari, bæði útvortis og innvortis. Sömu menn hafa haldið fram þeirri stefnu að vegvæða víðernin eða sökkva þeim í rafmagnslón, frekar en að hafa hér til alþjóðanota þann griðastað sem vandfundinn er í heiminum fyrir utan heitar auðnir Afríku og Asíu eða helkalda jökla sem eyðast hratt. Við getum enn gert út á gestrisni.

**OKKUR** vantar ekki einn leiðtoga heldur þúsund, ekki eina hugmynd heldur margar. Og svo nennu til að koma þeim í verk.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 31. mars, 90. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.49 | 13.32 | 20.16 |
| Akureyri | 6.31 | 13.17 | 20.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


